



Ársrit Íslenska
Alpaklúbbsins

15. tölublað, mars 2000

Það næstbesta á ekki við í klifri!



Veljið aðeins vandaðan búnað sem þið getið treyst

ÚTILÍF



GLÆSIBÆ

Sími 545 1500 • www.utilif.is



Ársrit Íslenska Alpaklúbbssins

15. tölublað, mars 2000

Forsíðumynd:

Björn Baldursson klifrar Slaggissimo 5.12c í
Arsenal vegginn í Rifle
Ljósni: Rafn Emilsson

Útgefandi:

Íslenski alpaklúbburinn -
félag áhugamanna um fjallamennsku
Póshólf 1054, 1054 Reykjavík.

Ritnefnd:

Tómas Grønvaldt Júlíusson, ábm.	s: 568 2883
Jón Haukur Steingrímsson	s: 554 5591
Hallgrímur Magnússon	s: 561 3929
Björn Vilhjálmsson	s: 565 2834
Björn Baldursson	s: 853 4905
Guðmundur Jóhannson	s: 863 3655

Próförk:

Salbjörg Óskarsdóttir	s: 552 5069
-----------------------	-------------

Prentun:

Prentmet hf.
Umbrot: Ebba Salvör Diðriksdóttir

Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta eða breyta greinum sem birtast í ársritinu.

Stjórn Ísalp 1999:

Formaður

Karl Ingólfsson	s: 567 9599
Gjaldkeri	
Stefán Páll Magnússon	s: 694 9525
Ritari	
Kristján Guðni Bjarnason	s: 562 1841
Meðstjórnendur	
Helgi Borg Jóhannesson	s: 897 4047
Guðmundur Jóhannson	s: 863 3655
Pálmi Másson	s: 555 2231
Haukur Grönlí	s: 564 0188

Skálanefnd:

Guttormur B. Þórarinnsson	s: 552 2712
Jón Þorgrímsson	s: 557 5011

Ritstjóri fréttabréfs:

Kristján Guðni Bjarnason	s: 562 1841
--------------------------	-------------

Umhverfisnefnd:

Jón Viðar Sigurðsson	s: 551 0857
Ingimundur Stefánsson	s: 588 4547
Árni Tryggvason	s: 561 9469

Félagatal:

Helgi Borg Jóhannesson	s: 897 4047
------------------------	-------------

Heimasíða:

Helgi Borg Jóhannesson	s: 897 4047
------------------------	-------------

Efnisyfirlit

Bls.

Sárabót Satans	4
Ferðin sem var farin	7
Hnjávandamál og fjallamennska	14
Steinarnir á Eyjafjallajökli	19
Kerling og H-karl	23
Ódysseifur	30
Skýrsla stjórnar	34
Ársreikningur	36
Fréttapistill	37
Árbúa þáttur	43
Nostalgía	44
Hæðð(r)leikur	45
Is öis a spesial fishing pól?	47

Fæðing ársrits fyrir starfið 1999 hefur verið erfið svo ekki sé meira sagt. Ritnefnd vill ekki skjótast undan ábyrgð í þeim efnum og það verður að viðurkennast að nefndin hefur oft og iðulega verið sprækari en á liðnu starfsári, hverju sem það er nú að kenna. Reyndar hefur ritnefnd einnig áhyggjur af almennum nefndarstörfum innan klúbbsins sem að okkur finnst hafi legið í lægðinni nú á síðustu misserum. Eins og máltækið segir er sælla að þiggja en gefa en til að starfið í klúbbum komist í rétt horf er ljóst að fjölga þarf gefendum. Jæja, ekki þýðir að berja sér yfir því sem liðið er og við félagarnir sjáum fram á betri tíma. Ritnefnd hefur borist liðsauki en það er Ólafur Ragnar Helgason sem við bjóðum velkominn til starfa.

Í þessu blaði er vönduð grein Ingvars Teitssonar um hnjámeiðsl, Einar Steingrímsson skrifar um eina glæsi-legustu fjölspanna klifurleið sem gerð hefur verið hér á landi, Ódysseif, og Páll Sveinsson, Jökull Bergmann, Sigurður Árni Sigurðsson og Rúnar Óli Karlsson skrifa af klifurafrekum. Árni Alfreðsson fræðir okkur um hin réttu heiti steinanna á Eyjafjallajökli, Sigurður Sverrir Stephensen rifjar upp ferðasögu og að lokum birtum við grein úr eldra ársriti eftir Snævarr Guðmundsson og Torfa Hjaltason

Starfið hefur verið nokkuð öflugt upp á síðkastið og í komandi ársriti, sem er langt komið í vinnslu, er efniviður í stórt og öflugt blað þar sem utanlandsferðir og klifurafrek eru á hverju strái. Nefna má leiðina Zodiac á El Capitan veggnum, Norðurpólinn, frækni Suður-Ameríkufurð o.fl. Nú er það ykkar félagar góðir að koma greinunum inn í blaðið og ekki seinna vænna en að byrja strax.

TGJ



Sárabót Satans, leiðin liggur eftir horninu vinstra megin á myndinni og endar undir þakinu vinstra megin á veggnum. Ljós.: Jökull Bergmann.

Sárabót Satans

eftir Jökul Bergmann

Það var einn af þessum dögum sem ég hafði greinilega gleymt að ræsa heilbrigðu skynsemisforritin í höfðinu á mér að ég samþykkti að leggja til atlögu við suðurvegg Lómagnúps ásamt Guðmundi „Dúllara“ Tómassyni og Ásmundi „Mola“ Ívarssyni.

Það var komið vor en þó kalt í veðri svo Guðmundur hélt því eindregið fram að það væri ef til vill gáfulegt að reyna núna sökum þess að þessi bannsetti mal-arveggur væri kannski eitthvað samanfrosnari en venjulega. Ég og Molinn gleypum nú reyndar ekki allveg við þessum kenningum Dúllarans þar sem við þekktum helvítis hrúgaldið og höfðum nú í tvígang þurft frá að hverfa með með skóna barmafulla af skít

og lífið vægast sagt í lúkunum sökum þess að þessi blessaði veggur er á hraðri niðurleið í misstórum stykkjum.

En ég og Molinn eigum það sameiginlegt að hafa orðið fyrir mismiklum höfuðhöggum í gegnum tíðina sem virðast gera það að verkum að langtímaminnið er meira eða minna ekki lengur til staðar sem kannski skýrir það að enn eina ferðina vorum við alveg ólmir og uppvægir í að kljást við þetta eilífðarvandamál.

Í þetta sinn var samkomulag um það að nú skyldi sko aldeilis ekkert fá okkur stöðvað og svona í samræmi við það ætluðum við aldrei að komast inn í bílinn hans Ása þegar öllum búnaðinum og þá sérílagi öllum sértilgerðu og gersamlega útpældu malarklifurgræjunum hafði verið lestað. Svona fyrir þá sem eru strax orðnir forvitnir að vita hvað allt þetta dót var eiginlega væri það gersamlega óvinnandi verk að telja upp allt okkar hafurtask, en svo eitthvað sé nefnt að þá var með í för bensínborvélin, 600 m static rope, 4 klifurlínur, hengirúmið góða, u.þ.b. 200 karabínur og eitthvað álíka mikið af múrboltum í öllum stærðum og gerðum að ógleymdum 100 maskínuboltum, snittteinum, skinum og róm og að lokum verður víst að nefna tvo 200 lítra dráttarsekki til að koma þessu öllu upp vegginn. Það er skemmst frá því að segja að þetta ferðalag endaði sem hin fyrri á harðahlaupum með lífið í lúkunum og hjartað skoppandi upp og niður í skálmunum því sem fyrr tók blessað fjallið á móti okkur með þessari líka öfga hrunseríu þar sem rigndi bókstaflega stykkjum í stærðarflokkunum nestisbox uppí meðal fjölskyldubíla með tilheyrandi hávaða og djöfulgangi.

Það voru því heldur sneyptir þremmenningar sem héldu undir Eyjafjöll á vit minni ævintýra.

Það er nú bara einhvernvegin þannig að við íslenskir klifrarar höfum svo gott sem enga trú á öllu móberginu okkar til klífurs fyrir utan kannski smá þreifingar við dranginn Ingimund (sem er reyndar ekkert úr móbergi) sem þótti nú bara helvíti góður hér í gamla daga (fyrir u.þ.b. 7 árum, það er víst gamla daga í þessum bransa) en nú til dags líta menn varla til hliðar þegar þeir bruna á nýju uppgangskerrunum

sínum á Hnappavelli í eilífri keppni um hraðametið Reykjavík-Hnappavellir.

En þó eru til menn sem eiga annaðhvort ekki nógu hraðskreiða bíla eða eru hreinlega alltaf á höttunum eftir nýjungum og hafa þeir rekið augun í einn allra hæsta og hreinasta klettavegginn undir Eyjafjöllunum og þangað var ferð okkar heitið þennan óheilladag.

Veggur þessi er í Hrútafelli sem er hér um bil 11 km fyrir vestan Skóga og snýr í norðvestur og er vægast sagt áberandi þegar komið er úr bænum. Nyrsti hluti þessa veggjar er svo einskonar drangi eða nýpa og gengur undir nafninu Arnarnýpa og rís tæpa hundrað metra í mjög sléttu og felldu móbergi sem verður að teljast það heil-

Guðmundur dúllari rifandi hamingjusamur. Ljós.: Jökull Bergmann.



legasta sem við félagarnir höfum séð í okkar fjölmörgu fýluferðum í leit að ósnertum klettum.

Við höfðum nú svo sem oft séð þennan drang en þó aldrei haft fyrir því að röltu þessa 150 m sem maður þarf að labba til að komast upp að honum, það kom því skemmtilega á óvart að þegar upp var komið blasti við samfelld sprunga innundir horni næstum langleiðina upp á topp. Við hófumst því handa og stigaklifruðum fyrstu spönnina til þess að hreinsa sprunguna og vegginn sjálfan sem var þónokkuð mosagróin (ekki segja mömmu að ég hafi drepit mosa) og svo var farið eins að með þá seinni og leiðin síðan fríklifruð frá botni og gefið þetta þjála og hljómpýða nafn „Sárabót Satans“ því þetta þótti jú bara nokkuð góð sárabót fyrir malarhrúgaldið fyrir austan og þó sérílagi fyrir Dúllarann sem gjarnan hefur verið nefndur Satan svona þegar sá gállinn er á honum.

Leiðin er með boltuðum sigakkerum = þrír 15 sm múrboltar í hvorum stansi, klifruð í tveimur spönnum, sú fyrri er hrein snilld 50 m 5.8 og því vissara að vera með alla vini sína með ef menn eru haldnir einhverri flughræðslu, seinni spönnin sem er um 30 m 5.8 byrjar á ansi víðri sprungu svo það er ekkert verra að vera með eitthvað XL dót.

Sárabótin er nú þegar búin að fá nokkrar uppferðir og gaman er að því að heyra hversu blendnar og ólíkar tilfinningar menn bera til þessarar ágætu móbergssprungu, sumir eru á því að þarna sé um hina bestu skemmtun að ræða á meðan aðrir voru ekki þar hrifnir, reyndar held ég að fyllinn á efstu syllunni spili þar nokkuð stórt inni hehehe. En staðreyndin er nú sú að þarna hefur bæst við ný leið í okkar annars fábreyttu fjölspannaleiðaflöru svo nú er ekki annað að gera fyrir menn (og konur) en að drífa sig austur undir Eyjafjöll, glíma við Satan og mynda sér sína eigin skoðun á móberginu. Góða skemmtun!

Nafn leiðar: **Sárabót Satans**

Gráða: **5.8**

Lengd: **80 m klifruð í 2 spönnum**

Útbúnaður: **Tvær 50 m línur og mikið af vinum í öllum stærðum.**



Fyrst farin: **Jökull Bergmann Drangann, Guðmundur Tómasson, Ásmundur Ívarsson, Rúnar Óli Karlsson. Í maí 1999.**

ATH: Arnarnýpa er á landareign Hrútafells og allt klifur á svæðinu fer fram með samþykki Magnúsar Eyjólfssonar og Fannars Magnússonar bónda að Hrútafelli sem þó firra sig allri ábyrgð á því sem klifrarar taka sér fyrir hendur og biðja menn vinsamlegast um að koma við á bænum og láta vita af ferðum sínum áður en lengra er haldið.

Móberg er mjúkt berg svo hættara er við að millitryggingar rifni auðveldar út en í harðari bergtegundum, lausnin á þessu vandamáli er að tryggja þéttar og spennu vinina meira en venjulega í sprungunarnar.



Akrafjall og Skarðsheiði eins og fjóluþlái draumar, horft frá Vestrahorni til austurs. Ljós.: Snævarr Guðmundsson.

Ferðin sem var farin

eftir Einar Steingrímsson

Þegar Markús Árelíus Antónínus hringdi í mig að þremur árum liðnum hafði ég að vísu lifað meinlætálífi síðan hann hótaði mér vösbúð og vandræðum – verið í vöbbðarækt að minnsta kosti fimm sinnum og klifrað á plasti í tvö ár, allt til að hafa hann góðan – en var náttúrulega nógu vel lesinn til að láta mér ekki detta í hug að þetta væri annað en ómerkileg brella af hans hálfu. Það sem mér láðist að taka með í reikninginn var að hann var sjálfur svo illa að sér í íslenskum gullaldarbókmenntum að hann fattaði ekki djókinn og gekk út frá því sem vísu að honum væri full alvara; og hafði þó oft staðið sjálfan sig að því að fara með fleipur og fals til að hafa alla góða í kringum sig þar til þeir áttuðu sig á klækjunum.

Þannig stóð ég nú undir Vestrahorninu og horfði haukfránum augum í gaupnir mér (svo ég vitni í orð náins vinar míns sem ekki vill láta nafns síns getið enda með ólíkindum hlédrægur þótt ég geti svo sem skotið því að hér að hann fer oft ótrúlega dult með þá duld sína), og mesti gorgeirinn farinn úr mér, sem hafði þó haft það að markmiði þessi þrjú ár frá því ég horfði á strákana böðlast upp sinusyllurnar og negla sig upp erfiðu spönnina að einhvern tíma skyldi ég sjálfur drösla mér þarna upp.

Það er tvennt sem gerir mig að góðum klifrara – brennivín og fjarlægð frá klettum. Nú var hvorugt til staðar, ég á staðnum og ekkert brennivín nær en á Höfn, sem ég var eiginlega með í viðskiptabanni af ástæðum sem síðar verður vikið að.


Tvær mínútur yfir sex um morguninn var Snævarr farinn að riðlast á tjaldinu mínu á Hnappavöllum og þá búinn að hvíslöskra á mig alla leiðina frá sínu tjaldi og yfir til mín þar sem ég hafði komið mér haganlega fyrir í hæfilegri fjarlægð frá öllu helv... barnafólkinu. Sem var auðvitað út í hött, því börnin sofnuðu langt á undan mér og voru ekki vöknud þegar hér var komið sögu. Klukkan mín var stillt á tuttugu mínútur yfir sex, því ég hafði tekið að mér að vekja alla klukkan sex og leit á það sem siðferðilega skyldu mína (ef ekki trúarlega) að vinna þótt ekki væri nema nokkrar mínútur af Kalvínistunum sem enn trúðu á alpastart og virtust ekki hafa áttað sig á að það er bjart allan sólarhringinn á Íslandi um helgina þegar allir eiga frí nema verslunarmenn.

Tveim kvöldum áður hafði Snævarri tekist að hafa upp á mér þar sem ég sat að sumbli úti í bæ. Ég var sannfærður um að það væri bara í nösunum á honum eins og



vanalega að hann ætlaði að fara að klifra; vissi sem var að hann var að fara í ferðalag með alla fjölskylduna og veðurspáin ómöguleg nema rétt yfir bláaugardaginn. Þrátt fyrir ölvun mína var ég ekkert uppveðraður yfir ákafanum í stráksa, enda búinn að lofa mér í aðra ferð næsta dag, með afar vönduðu og vammlausu fólki.

Ekki tók svo betra við daginn eftir þegar honum tókst að telja móður mína aldraða á að vekja mig grúttimbraðan, þrátt fyrir ströng fyrirmæli mín um hið gagnstæða, einhvern tíma um hádegisbilið (maður er alveg hættur að þola áfengi, stelpur mínar, en svona fer nú fyrir okkur flestum, svo spariði ykkur háðsglóurnar). Ekki veit ég heldur hvað varð til þess að ég hlustaði ekki á rödd minnar eigin skynsemi og lét það ekki einu sinni verða til að aftra mér að jeppagarmur föður míns aldraðs, háaldraður, fór ekki í gang þegar til átti að taka, augljóst tákn frá æðri máttarvöldum. Það hafðist þó á endanum að ýta honum út á götu og láta renna í gang og svo keyrði ég



Guðjón Snær gleypir í sig morgunkornið, leiðin í bakgrunni. Ljós.: Snævarr Guðmundsson

hvíldarlaust í tíu daga og tíu nætur eins og Blesi sonarsonur Blesa stóra sem reið með húsbónda sinn yfir landið þvert til ástkonu hans í Þorlákshöfn... eða þannig. Ég keyrði sem sé á hundrað og tíu (desibelum, ca. 60 km á klukkustund) í einum rykk austur á Hnappavelli, þorði enda ekki að stoppa af ótta við að koma bílnum ekki aftur í gang.

Annars byrjar þessi saga a.m.k. sautján árum fyrr, þegar við Torfi bárum hundrað kíló af járnadrasli alla leið frá Stokksnessafleggjaranum yfir í Bretakampinn, af því að leigubílstjórinn sem ók okkur frá flugvellið var svoddan aumingi að hann þorði ekki að keyra yfir pússningarsandsfjöruna sem landsmenn allir vita að er fær hvaða fólksbíl sem er árið um kring. Síðan hafa leigubílastöðvar á Höfn verið í sama flokki hjá mér og hamborgarabúllur í Osló og pylsusalar á Akureyri, sem fjallað var um í síðasta kafla. Ekki er ég í neinum vafa um að við Torfi hefðum drifið okkur þarna upp í það skiptið – annað en þetta dund hjá þessum nútímastrákum – ef ekki hefði viljað svo til að það rigndi sleitulaust næstu fjóra sólarhringa, sem var öll rigning þess sumars í Hornafirði. Við vorum sem betur fór í góðri þjálfun, nýkomnir úr Romsdal, þar sem Trollvegurinn hafði vinninginn af því að rigningarlausu dagarnir tveir á þeim þrem vikum sem við vorum þar fóru í að þurrka klifurdraslið og gera við pottasettin sem óðar kýr höfðu traðkad á til óbóta, og tel ég þetta vera fyrsta tilvikið sem lýst hefur verið af sjúkdómnum bófasvampheila; ég fékk að vísu ekki inni með þessa merku uppgötvun í *Lensunni*, heldur bara í búnaðarblaðinu *Sviðin Jörð*, sem á eflaust eftir að kosta mig Nóbelsverðlaunin.

Það hlýtur að hafa verið þá sem mér hraut þessi staka af munni, a.m.k. að dæma af stílnum, sem ég hef nú löngu aflagt í kveðskap mínum, enda hallur að epískum stíl í seinni tíð:

Lamið er veðrum Vestrahorn,
vart mundi gengt á tindinn.

Hér stend ég mæddur snemma að morgni
og míg upp í vindinn.

Þessi snilldarlega staka hefði sjálfsagt fengið inni í ljóðasafni því sem átrúnaðargoð mitt og samferðamaður í skáldskaparlist átti í fórum sínum og innihélt m.a. úrvals-kveðskap eftir Halldór Laxness og Sigurð Nordal¹⁾, enda hefði hann þekkt handbragðið, því hér er skírskotað til tveggja kvæða skáldsins. Annað er öllum kunnugt – nema ef til vill ungum björgunarsveitadrengrum sem gengu í skóla eftir að það komst í tísku að ljótt væri að láta börn læra ljóð. Þeir hinir sömu hafa auðvitað ekki heldur hugmynd um hvað Signor Dal og ferðaskrifstofa hans eru að gera í þessum pistli og verða að lifa og deyja í þeirri fáfræði sinni þar sem undirritaður hefur öðrum hnöppum að hneppa um þessar mundir en að stunda alþýðufræðslu og reyndar hæpið að nefna alþýðu í sömu andránni og (sjálfs)björgunarsveitir landsins. Hitt kvæðið er flestum alveg á huldu, nema kannski ömmu Páls Hafstað, og nokkrum uglufræðingum, en það er önnur saga og verður ekki rakin hér, enda hef ég gert henni ítárleg skil í búnaðarritinu *Gróandi Land* (eða var það í *Sverði*? (Neinei, ekki sverð og skjöldur, strákar mínir, fattið þið virkilega ekki neitt?)).

Reyndar er það kenning undirritaðs – og hef ég aldrei séð henni mótmælt á prenti (er þó víðlesinn og hef m.a. lesið talsvert í Morgunblaðinu (og víðar)) – að HKL hafi stundað kveðskap til afþreyingar frá brauðstritinu og aldrei ætlast til að fólk tæki hann alvarlega. Þegar hann sá svo hvað fræðingarnir sníðu sér víðan stakk úr þessu fataefni keisarans gat hann ekki setið á strák sínum en hélt uppteknum hætti og lét eins og honum væri full alvara með þessu bulli, og hafði þannig að fifli alla helstu bókmenntafræðinga landsins. Ég meina'ða, hver hefur séð krókódíl á Héraði? Og hver trúir því að manni menntuðum hjá kaþólskum munkum, gott ef ekki jesúítum, detti í hug að kalla brennivín „ljúfan drykk,“ þegar hverjum heilvita einstaklingi er ljóst að það er blandað ógeðslegum bragðefnum vegna þess að fátt er viðbjóðslegra lúterskum en gleði alþýðunnar?

Jæja, ég slökkti á vekjaranum á klukkunni minni, bölvandi í hljóði, annars vegar yfir því að vera vakinn fjórum tímum fyrir eðlilega fótaferð og hins vegar af því að ég var of hræddur til að geta verið syfjaður eins og ég ætti auðvitað að vera. Reyndar vógu svefnleysið og

1) Jón Helgason: Ambögur gesta minna, óútgefið á síðustu öld í Kaupmannahöfn.



Tindafarar að loknu sæmilegu dagsverki. Frá vinstri: Jón Geirsson, Einar Steingrímsson, Guðjón Snær Magnússon og Snævarr Guðmundsson. Ljóm.: Úr safni Snævarrs.

hræðslan salt á hnífsegg tilvistarkreppunnar og náði hvorugt yfirhöndinni, sem ef til vill er skýringin á því að mér tókst hvorki að sofa í bílnum á leið austur né heldur að lamast af hræðslu.

Það var auðvitað engin umferð og við strax komnir austur að Horni og draslið rífið út úr bílnum og farið að hita kaffi og svo borðuðum við morgunmat og drukkum mikið af sterku kaffi (Jón hafði sem betur fer haft með sér almennilegt kaffi frá útlandinu (enda sjálfsagt lesið í síðasta kafla um hörmungar þær sem yfir hann gætu annars dunið á því sviði), en ónefndur samferðarmaður okkar örugglega með BKI að vanda. Eða kannski kominn upp í Gevalia, vitandi að við hinir síðuðu vorum búnir að afskrifa það líka og engin hætta á að hann þyrfti að blæða). Svo var drukkið meira kaffi. Og svo dröslast upp brekkuna og Snævarr byrjar að leiða fyrstu spönnina, þessa tvo metra af klifri, en setur inn fullt af tryggingum og ég skil ekkert í þessu en verð dauðhræddur; ef það þarf að tryggja þetta, hvernig líður mér þá í erfiðu spönninni?

Kemst svo að því að þetta er bara aumingjaskapur í strákunum, því ég flýg upp þetta dót, á tíu ára gömlu skónum mínum, sem eru ekki einu sinni einu númeri of

litlir. Fer nú loks að skilja af hverju það er búið að taka þrjú ár og sjö þúsund kílómetra keyrslu að komast hálfa leið upp fjallið, þegar Nemesis var farin á einum eftirmiðdegi, hálfum flegg og fjörutíu kílómetra akstri fyrir tuttugu árum.

Svo löbbum við eftir grassyllunum út að erfiðu spönninni og Jón er alltaf eitthvað að tala um það að ég megi alveg leiða hana ef mig langi mikið til. Það er ekki fyrr en hann fer að tuldra eitthvað um að hann sé ekki vanur svona illa tryggðum leiðum heima í Frans að ég skil að honum er alls ekki um sel, ekki einu sinni rostung, og ætlar að etja mér á foraðið.

Ég þori ekki annað en láta tilleiðast, eftir stóryrði síðustu ára – en finnst nú komið ómaklega aftan að mér og fæ alvarlegar efasemdir um að leiðtogi vor hafi nokkurn tíma lesið söguna sem aldrei var skrifuð – og reyni að átta mig á hvernig svallarinn Lúsíus, sonur Kvintusar, hefði brugðist við ef Markús hefði nú í alvöru sent hann á Hallærisplan Karpagóborgar eða hvaða uppreisnarbæli það nú var, fæ eitthvað af tryggingadóti og legg af stað. Þetta er ekki sem verst, það er hægt að fá eina góða hnetu í sprungu þrem-fjórum metrum ofan við stallinn, og svo á að vera hægt að setja eina í viðbót aðeins

ofar, en mér tekst það ekki svo ég held bara áfram, enda er þetta alls ekki eins bratt og búið er að hræða mig með. Svo finn ég bara adrenalínstorminn lyfta mér upp næstu metrana, yfir fleyginn með langa bandinu og boltann sem ég tryggi í með tvísti, orðinn svona gerspilltur, illu heilli, því fljótlega kemur í ljós að hér hefði þurft að tryggja á klassískan hátt, með löngu slingi: skömmu síðar dregst línan yfir egghvassa brún. Núnú, þar er ekki við neitt að vera svo ég held áfram út til vinstri, inn í langt horn sem veit til vinstri með sæmilegri fingrasprungu þar sem sjálfsagt er hægt að fá inn fínar tryggingar víða; ég set eina í byrjun en hætti við næstu þegar ég er búinn að fitla svolítið; hugsa sem svo að það sé betra að klifra óþreyttur en að setja inn tryggingu til að detta í (finnst þetta samt hljóma eitthvað klisjukennt eða er þetta bara *déjà vu* all over again?); þetta gerist svona einu sinni á öld, að meðaltali, held ég, að ég klifra eitthvað erfitt án þess að vera að drepast úr hræðslu, þetta er asskoti skemmtileg sprunga (en ég hugsa með mér í hljóði, er þetta virkilega meira en 5.6?) og svo er hún bara allt í einu búin og ég kominn á tryggingastaðinn og svo tek ég Jón upp blí-strandi (ég; hann titrandi, enda ekki vanur að klifra meira en 8a eða svo) lag úr gamalli kvikmynd, sem ég man ekki lengur eftir nema hvað einhver var að hlaupa upp tröppurnar á listasafninu þar sem stóra glerið er og nakta stúlkan á leið niður stiga (nei, nei, ekki á leið niður handriðið, og enga hamstrabrandara takk; hafiði ekkert hugmyndaflug fyrir ofan nafla og samt löngu orðnir vita náttúrulausir og liðónýtir fyrir miðnætti á föstudegi og öll helgin framundan, eða er það kannski þess vegna?), og svo man ég ekkert eftir næstu þrjátíu spönnum, enda í algerum útsyrtingi eftir epinefrínið.


Ég er sem sé kominn á tryggingastaðinn, því hér eru tveir boltar og ég set mig í og er bara í góðu skapi og öskra á Jón að koma upp eða kannski ég hafi bara togað hraustlega í línuna. Það man ég ekki svo gjörlla, og ég man heldur ekkert um afganginn af leiðinni nema hvað við villtumst einu sinni af því ég hélt að við ættum að vera nær austurbrúninni, enda búið að hræða mig með að maður horfði meira og minna beint niður í fjöru (eins og í Nemesis, þú veist). Svo man ég eftir því að Jóni fannst ég dansa um of á einu slabbinu, en ég vissi að

þetta var í lagi, það var jú bolti fyrir neðan mig og hafði hann aldrei séð Can-Can þegar hann bjó í París? Neinei, í ljós kemur að hann heldur að það sé dósaverksmiðja. Guð minn almáttugur (myndi ég segja ef hann ætti eitthvað inni hjá mér), eru þessir nútíma strákar bara í tölvuspilum og að horfa á Stallone-myndir (fyrir ykkur sem yngri eruð þá var Sylvester Stallone frægur kvikmyndaleikari á ofanverðri tuttugustu öld (en þið vitið nú varla hvað tuttugasta öld er, hvað þá ofanverð, eða hvað?)))?

Nema hvað síðasta spönnin var ágæt, langur, brotinn hryggur með fínum tryggingum en dálítið laus á köflum. Jón fékk að leiða hana, en var eitthvað að kveinka sér yfir lausamölinni, enda orðinn óvanur síðan nafni hans Simpson hreinsaði það síðasta úr Ölpunum árið áður en hann drapst í sprungunni, eða hefði a.m.k. átt að drepast en það er önnur saga og verður ekki rakin hér, en áhugasömum bendi ég á landbúnaðarblaðið *Skarna*, þar sem þessi saga var rakin í smáatriðum, að mig minnr.

Svo var slabbið þar sem strákarnir voru með borvélina, sem minnti á boltastigana hjá nafna forsetans, á morgunskímuveggnum, nema hvað hann er lóðréttur (veggurinn; morgunskímuveggjarboltastigamaðurinn yfirleitt láréttur sökum etanólneyslu) en þetta rúmlega vatnshalli, kannski eins og lögboðinn gangstéttabrunahalli fyrir hjólastóla. En nú man ég alls ekki meira og nenni ekki að ljúga upp einhverjum klífursögum um þessar sjötíu gönguspannir milli þeirrar erfiðu og síðasta hryggjarins. Og hver gefur svo sem flugreið fyrir svona gamallakallaraus um klifur fyrir gigtveika?

Svo nú erum við bara komnir upp og erum á leiðinni niður aftur. Jújú, þetta eru sæmilegir klifrarar þessir ungu strákar en mikið asskoti eru þeir lélegir í þriðja klassa (og vita ekki einu sinni hvað þriðji klassi þýðir). Þegar átti að kasta línunni niður slabbið – eftir að hafa lagt lykkju kringum stóran stein sem stóð bara í annan fótinn eins og hann væri að velta fyrir sér að velta – þá talaði Jón stórkarlalega um *lance Rebuffat*, sem hann hélt auglýnilega að vísaði í hversu stórkostlega Gaston gamli kastaði línu fyrir sig. Sannleikurinn er hins vegar sá að hugtakið *lance Rebuffat* varð til þegar kallinn villtist einu



Snævarr við lok 7000km, efst í Ódysseifi.
Ljóm.: Úr safni Snævarrs.

sinni sem oftast Ítalíumegin niður af Blankinum eftir fjögurra daga ráf í þoku á jöklinum, fór inn á veitingahús svo útkeyrður að hann áttaði sig ekki á að hann var kominn inn á annað menningarsvæði og ærðist svo þegar honum var borið spaghetti, fleygði disknum yfir þveran salinn í vegginn hinum megin svo að hveitilengjurnar límdust við hann. Síðan er það kallað *lance Rebuffat* þegar óðir Frakkar kasta hveitilengjum í vegg. Hvað um það, kaldhæðni örlaganna lét ekki að sér hæða, því kast Jóns var sannkallað *lance Rebuffat*; nú lá línán nefnilega eins og spaghetti – við fætur okkar. Hins vegar er rétt að bera hér í bætifláka fyrir Jónsa, því þótt hann sé vel menntaður þá var hann svo ólánsamur að flytja til Frakklands um það bil sem allir fræðimenn þarlendir – sérstaklega bókmenntafræðingar og heimspekingar, svokallaðir, sem Jón var mjög í slagtogi við, býst ég við, því hvernig á annars að skýra þetta gat í bókmenntaþekkingu hans? – fóru að keppast við að sannfæra hverjir aðra um að þeir

hefðu aldrei nokkurn tíma lesið bók, hvað þá að þeim dytti í hug að láta hafa áhrif á sig hvað staði í þeim bókum sem þeir skrifuðu lærðar ritgerðir um.

Núnú, við máttum bíða eftir að Snævarr gengi niður slabbíð, togandi áttuna sína með erfiðismunum niður eftir línunni samtímis því sem hann reyndi að greiða úr flækjunni. Af virðingu við samferðamenn mína lét ég á engu bera og setti líka eitthvert járnadót í línuna þegar ég rölti niður, sömu leiðina og við bróðir minn höfðum trítlað upp hálfum öðrum áratug áður.

Af því að ég hef dvalið langdvölum erlendis og lært síði menntaðra þjóða, m.a. að þvo á mér skrokkin öðru hverju (Jón hefur að vísu verið í vist hjá frönskum í áratugi, en ekki er að sjá að hann hafi þar lært að fara með sápu), hraus mér hugur við að mæta á tjaldstæðið í kvenna- og barnafansinn allur útældur af múkkalýsi eins og hinir strákarnir. Því dreif ég mig inn á fyrstu bensínstöð, keypti brúsa af terpentínu, svipti mig fötum á bens-

ínstöðvarklósettinu og þvoði mér hátt og lágt með terpentínunni. Hentu piltarnir mikið gaman að þessu og ortu um það nokkra fyrriparta sem eru löngu orðnir landfleygir, en eru því miður svo klúrir að ég treysti mér ekki til að hafa þá eftir hér.

Það var því þreyttur en ánægður alpaklúbbsfélagi sem skreið ofan í pokann sinn það kvöldið. (Var það ekki svona sem þetta átti að enda, Helgi? Ég hef samt annan endi fyrir þá sem eru kunnugir bókmenntaarfi vorum og líka handa stráknum sem vildi hafa meira deyja deyja og drukkna hér í ánni.)

Á heimleiðinni var rætt um fátt, enda fátt umræðuvert.

Og ég þar að auki einn í bílnum.

Búið.


Alveg satt.

Es. Snjómaðurinn hlægilegi kom að máli við mig nýlega og kvartaði sáran yfir að hvergi væri að ofan getið Guðjóns nafna síns, sem þó var kjölfestan í þessu byggingarvinnu- og akstursævintýri. Því er til að svara að Guðjón er drengur góður, og að auki hagamæltur (og vel bílaður þegar hann lætur konuna sína ráða, sem honum væri hollara að temja sér), og ég á ekkert við hann að sakast, og dettur því ekki í hug að sverta nafn hans með því að draga hann í dilk með litlu strákunum (sem ná okkur Guðjóni ekki nema í handarkrika).

g a k k t u á v e g g !

vektor / klífurmiðstöð - borgartúni 29 - síni 561 2180

Vektor
folk á uppleið



Álag á vinstra hné frá hlið og snúningur vinstri fótleggjar inn á við geta framkallað slit á bæði miðlæga hliðarbandinu og fremra krossbandinu eins og hér er sýnt.

Lokaorð

Vandamál sem upp kunna að koma í tengslum við hnéð eru mjög margbætt og hér hefur einungis verið tæpt á nokkru af því algengasta. Á undanförunum árum hefur áhugi fólks fyrir útivist og gönguferðum aukist verulega. Því má reikna með að vandamál í hnjám í tengslum við útivist, ekki síst hjá miðaldra og eldra fólki, sjáist í æ ríkara mæli á komandi árum. Nýlega var skýrt frá því að af 15 þátttakendum í maraþonhlaupi upp að grunnbúðum við Everest fjall árið 1997, lentu þrír í meiri háttar vandræðum vegna verkja í hnjám og einn þeirra varð að hætta við keppni. Undirritaður þekkir dæmi um ágæta íslenska fjallamenn sem urðu að leggja fjallgönguskóna á hilluna vegna slitgigtar í hnjám. Því má telja æskilegt að útivistarfólk kunni nokkur skil á helstu vandamálum í þessum mikilvægu liðamótum.

Heimildir:

- 1) Brady OH og Hurson BJ: Acute injuries of the meniscus. Í: Oxford Textbook of Sports Medicine, 2nd edition, ritstýrt af: Harries M, Williams C, Stanish WD og Micheli LJ. Oxford University Press, Oxford, 1998.
- 2) Buckler D: Three miles high and one hundred miles from the nearest road. Br J Sports Med 1998;32:262-263.
- 3) McLatchie GR: Essentials of Sports Medicine, Churchill Livingstone, Edinburgh, 1986.
- 4) Stanish WD: Knee ligament sprains - acute and chronic. Í: Oxford Textbook of Sports Medicine, 2nd edition, ritstýrt af: Harries M, Williams C, Stanish WD og Micheli LJ. Oxford University Press, Oxford, 1998.

hrörnunarbreytingar í brjóski því sem klæðir liðfletina við hnjáliðinn. Brjóskið trosnar og þynnist og viðkomandi fer að fá verki, einkum við álag. Ástandið kallast slitgigt og er sérlega algengt hjá þeim sem hafa lent í áverkum þannig að fjarlægja þurfti liðmána. Þessu getur fylgt dálítill vökvi í hnjáliðnum, ekki síst eftir álag. Ef slitgigtin kemst á hátt stig, getur hinn sjúki ekki gengið nema stuttan spöl áður en hann fær slæma verki í hnéð (hnén). Verkurinn versnar síðan því meir þeim mun lengra sem hinn sjúki gengur. Þegar slitgigt í hné er komin á hátt stig, geta því fylgt verulegir verkir í hvíld sem trufla þá etv. nætursvefn. Meðferð við slitgigt í hné felst m.a. í að gefa verkjalyf og bólgueyðandi gigtarlyf. Þá má hjálpa hinum sjúka með styrkjandi æfingum fyrir réttivöðva hnésins og hitahlíf á hnéð getur einnig minnkað óþægindin að mun. Skór með mjúkum sóla draga einnig úr verkjunum. Ef annað um þrýtur, má senda fólk í skurðaðgerð. Hér er mögulegt að taka fleyg úr efri hluta sköflungsins og breyta álaginu þannig að meira reyni á hliðlæga hluta hnésins sem oft slitnar mun seinna en miðlægi hlutinn. Einnig er mögulegt að setja gervilið í hnéð. Slíkt kostar meiri háttar aðgerð og hné með gervilið verður aldrei nándar nærri eins sterkt og heilbriggt hné, þótt verkir frá hnénu verði litlir ef vel tekst til.

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Ferðir • Skálar • Árbækur

Komdu í ferð!

Á dagskrá Ferðafélags Íslands eru dagsferðir og helgarferðir allan ársins hring og sumarleyfisferðir frá júnibyrjun til ágústloka. Þetta eru stuttar ferðir og langar ferðir, auðveldar og erfiðar, um fjöll og firnindi, eyðibbyggðir og eyðimerkur, gróðurvinjar og búsældarlega dali. Kunnugir fararstjórar uppfræða þátttakendur.

Vantar þig gistingu?

Ferðafélag Íslands rekur gistiskála á 13 stöðum á hálendinu og við ströndina og til viðbótar eru skálar deilda F.Í. á 21 stað. Þetta eru litlir skálar og stórir skálar með fjölbreyttri þjónustu, staðsettir við gönguleiðir og akvegi.

Viltu fræðast?


Árbækur Ferðafélags Íslands eru einstæður bókaflokkur um íslenska náttúru fyrr og nú. Þar hafa fróðustu menn skráð upplýsingar um náttúrufar landshluta, fært örnefni á kort og sett söguna á blað.

Félagar í Ferðafélagi Íslands njóta afsláttarkjara í helgarferðum og sumarleyfisferðum og af gistingu í skálum félagsins og deilda.

Velkomin í Ferðafélag Íslands.



Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6,
108 Reykjavík, s. 568 2533, mynds. 568 2535,
www.fi.is, fi@fi.is.



Tómt hirðuleysi

ÁTVR



Goðasteinn að sunnanverðu, Kristján klífur austur hlíðar tindsins með stunguskóflu sér til aðstoðar. Ljóm.: Árni Alfreðsson

STEINARNIR Á EYJAFJALLAJÖKLI

eftir Árna Alfreðsson

Eyjafjallajökull er kenndur við sveitina sem hann gnæfir yfir. Efsti hluti jökulsins er gígur eða askja 2-3 km í þvermál, en jökullinn er virk eldstöð sem gaus síðast 1821-23. Á börmum öskjunnar sér í grjót að sumarlagi. Tvö þeirra standa hæst og eru mest áberandi. Þetta eru helstu kennileitin á hájöklinum. Annar steinninn (1580 m.y.s) skagar upp úr norðvestanverðri brún gígsins. Hann er þverhniptur að vestan, brattur að austan en ávalur norðan megin. Hinn steinninn (1651 m.y.s.) stendur út úr gígbrúninni að sunnanverðu. Snjór hylur hann að norðanverðu en þverhnipt bergstál veit í suður.

Einn steinn?

Begar komið er í nánd við jökulinn sjást klettarnir aldrei að heita má báðir í einu. Vestari steinninn sést þannig eingöngu úr vestri, best frá vestanverðum Eyjafjöllum og Fljótshlíð. Syðri kletturinn sést aftur á móti aðeins frá suður- og austurhluta Eyjafjalla.

Nafnabrengr

Mikill ruglingur hefur verið með nöfn þessara steina gegnum tíðina, sem versnað hefur eftir því sem landakortum af svæðinu hefur fjölgað. Þessi ruglingur hefur gert það að verkum að örnefni hafa að hluta til misst gildi sitt; menn hafa hætt að nota þau og sum nýrri landakort nefna þau ekki. Óþörf nýnefni hafa jafnvel komið í stað „gömlu grjótanna“.

Til að gera langa sögu stutta þá nefnist vestari kletturinn Goðasteinn en sá syðri Guðnasteinn. Þessi fullyrðing eða kenning er ekki úr lausu lofti gripin. Hún byggir á tveimur þjóðsögum sem vel eru þekktar undir „Fjöllumum“.

Þjóðsögurnar

Goðasteinn

Kringum árið 1000 bjó að Dal (Stóra-Dal) undir vest-anverðum Eyjafjöllum Runólfur goði Úlfsson. Hans er getið í mörgum heimildum enda stórhöfðingi. Hann var rammheiddinn og barðist ótúllega gegn kristni. Sagan segir að eftir að kristni var hér lögtekin þá hafi Runólfur forðað goðamyndum (líkneskjum) burt úr hofi sínu og komið þeim fyrir undir kletti, efst á Eyjafjallajökli. Heitir hann því „Goðasteinn.“

Slóðir þær sem þjóðsagan gerist á eru undir vestur „Fjöllunum“ þaðan sem einungis sér í vestari steinninn. Flest bendir því til að um vestari klettinn sé að ræða. Þess má geta að sú leið sem beinast liggur við að fara upp að „Steini“ frá heimaslóðum Runólfs, liggur um Hamragarðaheiði og upp Jökulinn vestanverðan. Þetta er sú leið sem hvað oftast er farin á vélknúnum ökutækjum upp að Goðasteini. Rétt austan umrædds vegslóða, á svonefndri Hoftorfu, ofan bæjanna að Seljalandi, sjást rústir sem margir telja leifar af hofi Runólfs.

Guðnasteinn

Við bæinn Hrutafell undir austanverðum Eyjafjöllum er hellir er nefnist Rútshellir. Hellirinn, sem er stórfengleg smíð, er kenndur við Rút nokkurn. Ein þjóðsagan af Rúti er á þessa leið:

Rútur var ómenni, óvinsæll héraðshöfðingi og átti í úti-stöðum við héraðsmenn. Hann hafði því til öryggis sest að í hellinum. Þræla hafði hann nokkra og var hann þeim harður húsbóndi. Til að losna við Rút, fengu héraðsmenn þrælana til að drepa húsbónda sinn. Segir að þrælarnir hafi ráðgert að gera gat á bæli Rúts og leggja að honum með spjótum þar í gegn. Eitt skiptið meðan hann var ekki heima byrjuðu þeir að búa til gatið. Vildi þó svo illa til að Rútur kom að þeim meðan á verkinu stóð. Flúðu þeir burtu en Rútur elti þá alla uppi og drap.

Eru staðirnir þar sem Rútur drap þá við þá kenndir. Bjarni var drepinn við Bjarnafell, Högni við Högnaklett, Sebbi hjá Sebbasteini, Ingimundur við Ingimund (á Steinafjalli) og Guðni við Guðnastein í framanverðum Eyjafjallajökli.

Örnefnin sem þarna koma við sögu eru öll á svipuðum slóðum; slóðum þaðan sem eingöngu sér í syðri klettinn. Sagan á því að öllum líkindum við Guðnastein í sunnanverðum Jöklinum.

Þjóðsaga á villigötum

Sá ruglingur að kalla Goðastein ranglega Guðnastein, gæti átt upptök sín í því að aðeins annar steinnanna sést í einu, eins og fram hefur komið. Vel er hugsanlegt að þjóðsagan af Rúti og þrælum hans hafi almennt verið þekkta og því hafi þeir sem ekki voru vel staðhátum kunnugir, útfært söguna á þann eina stein sem þeir sáu. Vel þekkt þjóðsaga hefur þannig lent á röngu kennileiti. Svo virðist sem Fljótshlíðingar hafi frekar notað Guðnasteinsnafnið og það hafi almennt verið útbreiddara.

Þáttur Sveins Pálssonar

Sveinn Pálsson (náttúrufræðingur) gekk fyrstur á há-tind Eyjafjallajökuls 16. ágúst 1793. Þessu er lýst í hinni merku Ferðabók hans. Sveinn gekk á vestari steinninn frá Stóru-Mörk undir Vestur-Eyjafjöllum. Sveinn lýsir staðhátum á gígbrúninni mjög vel og tekur jafnframt fram að þetta sé eini steinninn sem standi upp úr og sé auður. Þó sjái hann 3-4 snjóbungur á gígbrúninni. Hann virðist því telja að um aðeins einn stein á hájöklinum sé að ræða. Sveinn kallar steinninn Guðnastein (sem gætu verið áhrif frá veru hans í Fljótshlíð), en tekur jafnframt fram að ýmsar sagnir gangi um hann og um nafnið Guðnastein séu menn ekki sammála.

Orðrétt segir svo í ferðabókinni:

„Sumir halda því fram, að þar hafi búið og sé grafinn bjargvættur eða risi af sama tagi og Dofri hinn norski og fóstri hans, Bárður Snæfellsás. Aðrar sagnir herma, að þræll einn, Guðni að nafni, hafi flúið þangað og verið drepinn þar, af því að hann ætlaði að myrða húsbónda sinn. Þriðja sögnin er sú, að goðamyndir úr nálægum héruðum hafi verið fluttar upp á tind þennan og grafnar þar, þegar kristni var lögtekin í landinu, og heiti hann því að réttu Guða- eða Goðasteinn.“





Guðnasteinn úr Norðvestri, virðulegur Björgunarsveitarmaður með broddstaf í forgrunni. Ljóm.: Árni Alfreðsson

Að lokum

Þjóðsögurnar passa landfræðilega aðeins við útfærslu nafnanna eins og nefnt var í byrjun. Það liggur því beint við að draga þá ályktun að eðlilegast sé að hafa þennan háttinn á. Með því að festa þessa útgáfu kennileitanna í sessi, þá er báðum nöfnum gert jafnhátt undir höfði, hvorugt þeirra gleymist og kennileitin fá sitt eigið nafn. Það er bæði steinum og fólki fyrir bestu.

Eyjafjallajökull. Á korti LMÍ sést nafnaruglið greinilega. Rétt er að nyrðri steinninn er Guðasteinn, en sá syðri Guðnasteinn.



ICELAND & GREENLAND

SEA KAYAK & TREKKING EXPEDITIONS
OUTFITTING, RENTAL OR A PINT OF BEER!

...since 1993


ULTIMA THULE EXPEDITIONS

P.O.BOX 5153, 125 REYKJAVIK, ICELAND

Phone: +354 562 3200 Fax: +354 872 1920 email: ute@islandia.is
www.islandia.is/ute



Á ferð í Esjufjöllum, Snókur í baksýn. Ljósni: Jón Haukur.



Kerling og H-Karl

„Norður frá Goðaborg heitir Kjölur alla leið norður að Sandvíkurskarði, sem heita má beint á milli bæjanna Sandvíkur og Stuðla. Er það gott gangandi mönnum, en illfært hestum. Nyrzt á Kili, skammt fyrir sunnan Sandvíkurskarð, er annað skarð, kallað Kerlingarskarð af klettadangi, er stendur í skarðinu“. Þessi tilvitnun er tekin úr Árbók Ferðafélags Íslands árið 1957 eftir Stefán Einarsson, sem fjallar um Austfirði norðan Gerpis. Þarna er lýst svæðinu milli Sandvíkur og Viðfjarðar þar sem Barðsnes gengur út til norðausturs. Greinilegt er að athyglin beinist fyrst og fremst að gönguleiðum um skörðin milli Viðfjarðar og Sandvíkur og drangurinn sem skarðið dregur nafn sitt af, Kerling, fær ekki mikla athygli í því samhengi. Hún er þó einstaklega falleg og aðlaðandi þar sem hún stendur efst á fjallinu, 10-12 m há, þverhnipt á alla kanta með snarbrattar hlíðar til beggja handa. Aðdráttarafl slíkrar Kerlingar stenst maður ekki. Við ákváðum að hittast að morgni 14. ágúst 1999 á Vattarnesi við Reyðarfjörð hjá Baldri og Elinóru. Þar

voru á ferð Arngrímur Blöndahl, Birgir Jóhannesson, Guðjón Blöndahl, Hallgrímur Magnússon, Hjördís Árnadóttir, Jökull Helgi Sigurðsson og Sigurður Árni Sigurðsson. Þegar á Vattarnes kom stakk Birgir sér í sjóinn til að skola af sér ferðarykið, enda hafa sjóböð lengi verið talin holl í meira lagi. Baldur skoraði þá á hann í sund út í sker eitt þar við ströndina en einhverra hluta vegna stóð Baldur ekki við það. Áður en við héldum til fjalla þáðum við ágætar veitingar Vattarneshjónanna, þó heimafélkið stæði í ströngu við hamflettingu lunda. Upp úr hádegi lögðum við af stað á bílnum hans Adda austur í Viðfjörð. Vegurinn liggur yfir Víkurheiði og síðan um Dys. Okkur fannst það heldur hrikalegur jeppaslóði þó þarna hafi verið þjóðleiðin yfir í Norðfjörð og Neskaupstað áður en vegurinn yfir Oddsskarð var lagður. Á þeim tíma var farið á bát frá Viðfirði til Neskaupstaðar. Skammt frá bænum í Viðfirði er ný göngubrú yfir Viðfjarðarána og er þaðan stikuð leið út fjörðinn og yfir Sandvíkurskarðið. Stikurnar eru reyndar í felulitum

(dökkgrænar) en finnast þó ef vel er leitað. Uppi á fjallinu röltum við að Kerlingunni, klöppuðum henni aðeins og skildum klifurdótið þar eftir. Á leiðinni niður í Sandvík gengum við fram á hreindýrahjörð. Þau litu á okkur í örskotsstund og síðan rann hjörðin eins og mórault teppi niður fjallið og án nokkurrar fyrirstöðu sveif hún upp í hlíðina hinumegin í vikinni. Á þeirri stundu hysjaði maður bakpokann upp um sig og óskaði þess að maður væri jafn frá þessum tignarlegu skepnum.

Við fengum leyfi til að gista eina nótt í slysavarnarskýlinu í Sandvík, sem er fyrsta flokks skýli. Um kvöldið var slegið upp veislu með góðum mat, skálað í rauðvíni, sagðar sögur og rifjaðar upp fræknar fjallaferðir. Við reyndum hvað við gátum að skáka Hallgrími í fjallamannasögum en það var við ramman reip að draga. Færðumst þó allir í aukana þegar við komumst að því að samanlagt höfðum við gengið eða klifið jafn margar Kerlingar og hann. Áður en Hallgrímur náði að svara fyrir sig var ákveðið að fara í koju.

Morguninn eftir gekk á með þungum skúrum, eins og gert hafði alla nóttina og var þoka til fjalla. Þó glitti í Kerlinguna öðru hvoru. Eftir um eins og hálfs tíma göngu komum við okkur vel fyrir á ágætri syllu efst á fjallinu, norðan megin. Þaðan er fyrst brölt upp á stóran stein sem er vestan megin við Kerlinguna. Þar blasir við eini augljósi veikleiki hennar; þröng sprunga sem liggur lóðrétt upp 3-4 metra. Bergið er þétt, ósprungið og ákjósanlegt til klífurs. Þó var ljóst að við þessar aðstæður, eftir miklar rigningar síðustu daga, var útilokað að reyna við Kerlinguna öðruvísi en með hjálpartækjum - stigaklifur var eina leiðin. Hallgrímur leiddi klifrið og tók það hann um 75 mínútur að ná tindinum. Klifrið er um 8 metrar og gráðan er A1. Leiðin er mjög brött fyrstu 4 metrana en þá er komið upp á litla syllu og þar fyrir ofan er brattinn minni. Hallgrímur stóð síðan vaktina uppi og tryggði okkur upp einn af öðrum (alla nema Hjörðisi og Jökul). Ekki sáu við nein merki þess að aðrir hafi klifið Kerlinguna. Það verður fróðlegt að vita hvernig fríklifurum líst á þessa klifurleið, en hún er nokkuð erfið. Það eru þó bara fyrstu hreyfingarnar á bratta 4 m kaflanum sem eru erfiðar. Sprungan opnast þegar ofar dregur og fyrir ofan sylluna ætti klifrið ekki

að vera erfitt við góðar aðstæður. Útsýnið uppi var ekki gott í þokunni. Þó létti til einstaka sinnum og gaf til kynna hversu stórkostlegt það hlýtur að vera í góðu veðri. Sitja á höfði Kerlingar, dingla fótum í átt að grasigrónum dölum með fjöllum, dali og firði á þrjá vegu og opið Atlantshaf í austri.

Eftir marga tíma í rigningunni vorum við orðin gegnblaut og köld, en ánægð með að ætlunarverkið tókst. Við fórum í gegnum Kerlingarskarðið niður í Viðfjörð og er það skemmtileg leið þar sem skarðið er mjög þröngt og opnast eins og gangur í gegnum þverhnipta kletta á báða vegu. Leiðin er nokkuð brött rétt fyrir neðan skarðið, en enginn farartálmi fyrir fótfráa fjallamenn. Þegar við lögðum af stað upp á Víkurheiðina ókum við inn í hóp hesta við Viðfjarðarbæinn. Sú sérkennilega uppákoma varð að tvö þeirra ráku hausinn inn í bílinn í von um kexköku. Þá var mjög undarlegt að litast um í bílnum - sjö manns og tveir hesthausar! Um áttaleytið komum við til Eskifjarðar og var íþróttahúsið þá harðlæst og við öll svitastorkin. Það reyndist þó auðsótt fyrir bæjarstjórnann fyrrverandi (Adda) að fá aðgang að húsinu. Sturtan var góð og kunnum við húsverðinum bestu þakkir fyrir.

Margar hafa fjallaferðirnar endað í góðum kaffisopa og bakkelsi hjá bændum til sveita. Í þetta sinn þótti Adda tilhlýðilegt að kynna okkur fyrir Hákarla-Guðjóni sem er með verkun þar í bæ. Við vorum sammála um gæði hákarlsins og steyttum bitana úr lófa sem poppkorn væri. Það fór því svo að ferðin byrjaði á lundaadgerð og endaði í hákarlaveislu. Og þar sem menn styrktust við hvern hákarlsbita og voru orðnir býsna brattir í beitiskúrnum hjá Guðjóni, var farið að metast um Kerlingar að nýju. Hvernig var það með K2, stendur það fyrir Kerling Önnur?

Höfundar: Arngrímur Blöndahl, Birgir Jóhannesson, Guðjón Blöndahl, Hallgrímur Magnússon og Sigurður Árni Sigurðsson.



Keikir Fjallamenn við skálann í Sandvík, litla vart sjáanlega totan uppá fjallinu er vist áður nefnd Kelling. Ljós m.: Ljós m.: Birgir Jóhannesson



Hvar sem er...
...hvenær sem er!



R.SIGMUNDSSON

Fiskilóð 16 · 101 Reykjavík · Sími 520 0000
www.rs.is · r.sigmundsson@rs.is



Olli snöfurmannaður í Draumaleiðinni sinni, horft út Glymsgil.
Ljós.: Páll Sveinsson.

Draumaleiðin

eftir Pál Sveinsson og Þorvald Þórsson

Palli: Hvenær sá ég hana fyrst? Ég veit það ekki en ég veit hvenær ég heyrði um hana fyrst. Meðan við klifum Glym um árið sátu félagar mínir, Olli og Maggi, löngum stundum saman og spáðu í umhverfið. Ég hafði um annað að hugsa en nýjar leiðir. Þann dag var Glymur nógur fyrir mig. Þeir félagar stríkuðu út línu í veggnum beint á móti okkur í giliinu. Olli hefur svo verið að minnast á í tíma og ótíma að Glymur væri nú ekki neitt, að fara upp beint þar á móti væri alvöru áskorun. Þarna fæddist draumaleiðin.

Olli: Það var 12. mars 1994 að við Maggi biðum eftir að Palli puðaði við að draga okkur upp Glym (sjá ársrit '95). Við félagarnir höfðum nægan tíma til að rabba saman og á ská á móti okkur í giliinu var ísleið sem við mendum mikið á og sögðum „þarna er ein hrikaleg!!!“ Hún hlýtur að vera að minnsta kosti 7. gráða ef það er á annað borð hægt“ og hlógum. Við vorum á báðum áttum um hvort það væri hægt að komast þarna upp því leiðin slitnaði í sundur á köflum og þóttumst við þá sjá

færar hliðranir eftir geðveikum syllum. Síðan þarna hef ég alltaf haft þessa leið í maganum og ekki versnaði það þegar ég heyrði að Guðmundur Helgi væri hrifinn af þessari línu. Það var ekki fyrr en í mars á þessu ári að Palli blés til orrustu og ákvað að reyna við þessa leið sem margir voru búnir að ganga með í maganum í svo langan tíma.

Palli: Ég var hræddur um að veturinn væri búinn. Næsta hláka myndi vera vorið og ekki meiri ís þennan vetur. Kurteisín uppmáluð hringdi ég í alla vini mína. Olli og Helgi voru þeir sem tíndu ekki að missa af þessu. Allir höfðum við talað mikið um leiðina en aldrei látið verða af því að reyna við hana. Ekki nema furða því ef það á annað borð er sigið ofan í gilið er annað hvort að fara upp aftur eða vera í vondum málum.

Ég hafði orðið var við að Helgi var eitthvað illa stemmdur á leiðinni upp með Glymsgili. Kom það mér því ekki á óvart þegar hann sagðist vera búinn að fá nóg af klifri í vetur og dagurinn hentaði betur til göngu en

klifurs. Þessi leið var búin að toga í allar tilfinningar mínar fram og aftur árum saman og mátti ég síst við þessu. Ég var samt kominn í gamalkunnan ham og fann það að nú gat ég ekki hætt við. Ég myndi aldrei fyrirgefa mér það. Olli klikkaði ekki, jafn vitlaus og ég.

Klukkan 11.00 stóðum við loks fyrir ofan leiðina og erfiðasti hlutinn framundan, að koma sér niður. Í venjulegu árferði er eina leiðin að síga niður fyrst. Við höfðum tekið nóg af línunum með okkur og var planið að binda tvær línur saman, ca. 100 m og skilja eftir (svolítið smeykur um að komast ekki upp aftur ætlaði að eiga bakdyr) og eftir það tvö sig niður ca. 100 m, í allt ca. 200 m.

Nú vorum við Olli bara tveir og hann hreyfði engum mótbárum þegar ég bauðst til að fara fyrstur niður. Í fyrsta siginu fór ég fram af tveimur lóðréttum stöllum. Annar var slæmur en í lagi. Á þeim seinni stóð ég og horfði niður. Þarna kom í ljós hversu bilaður maðurinn getur orðið. Það sem ég sá var frihangandi kerti sem ég stóð efst á. Ef ég sigi fram af því ætti ég ekki möguleika á að fara sömu leið upp. Átti ég að guggna eða láta slag standa. Ný, eða réttara sagt löngu gleymd, tilfinning gerði vart við sig. Ógleði!! Taugarnar og heilbrigð skynsemi börðust hatrammri baráttu við ævintýralöngunina og tækifærið til að takast á við hið óþekkta. Þetta var ekki erfitt val. Eftir margra ára digurbarkalegt tal um að hvergi væri nógu spennandi fjölspannaleiðir var ég loksins með eina við fætur mér. Hér kemst ég aldrei upp aftur hugsaði ég. Með það hélt ég áfram. Þegar ég kem að enda línunnar þarf ég að róla mér ca. metra til að ná í ísinn og tryggja mig. Tvö þægileg sig í viðbót og botninum er náð.

Olli: Palli var farinn fram af brúninni og línun var þanin og söng í henni við átökin hjá honum. Ég stóð þarna og var í hálfgerðu sjokki. Palli horfinn niður og Helgi í gönguferð. Hvað var maðurinn eiginlega að hugsa??? Farinn í gönguferð í stað ísklifurs!!! Mér var algerlega um megn að skilja þessa ákvörðun en ég virti hana og hann réði þessu náttúrulega sjálfur. Ég fór nú alvarlega að hugsa um hvernig í fj... við kæmumst upp eða þá hvort við yfirleitt kæmumst upp. Ég hafði alveg steingleymt sundfötunum mínum ef við þyrftum að synda niður gilið

með allt á milli lappanna. Ef við klikkuðum á leiðinni var engin önnur leið út úr giliinu en að synda og vaða jökulkalt vatnið í ánni. Í þessum hugrenningum slaknaði á línunni og ég óð snjóinn í áttina að henni, reyndi að tæma hugann, tengdi mig í línuna og lét mig gossa fram af brúninni. Það var frekar erfitt að halda utan um 8 mm línu, með snjóuga vettlinga, sígandi á áttu, en ég lét mig vaða. Fyrsta haftið var smá yfirhangandi og ekki alveg frosið saman. Preyttist ég fljótt í lúkunni á að halda utan um línuna. Ég sá hvorki Palla né neitt annað fyrir neðan mig enda smá sylla fyrir neðan haftið. Ég fór fram af syllunni og stóð þá á brúninni og tók andköf. Ég var staddur á brún og sá stórt frihangandi ískerti fyrir neðan mig sem leit út eins og heljarstór rýtingur. Fyrir neðan mig var eins og risastór hendi hefði grafið undan brúninni sem ég stóð á og langt fyrir neðan glitti í Palla. Ég var alvarlega farinn að sjá eftir sundgræjunum og hugsaði „Er maðurinn kolklikkaður að fara hér niður??“ Ég gat alls ekki verið minni maður en Palli svo ég lét mig vaða fram af með kökk í hálsinum af spennangi. Ég seig framhjá hnútinum, sem tengdi línurnar, hangandi utan á kertinu ógurlega. Eftir það tók tómið við og var ég kominn með krampa í hendina af að halda utan um mjóa línuna þegar ég komst loks niður til Palla. Palli glotti til mín, rétti mér hendina og togaði mig inn til sín.

Palli: Á botninum vorum við komnir á gamalkunnar slóðir. Lætin frá Glym komu í veg fyrir allar samræður. Olli tók fyrstu spönn. Ég var ekki á góðum stað, beint undir klifurlínu Olla. Ég hafði þó smá afdrep fyrir íshrönglinu sem kom niður. Eitthvað var ég ópolinmóður og fannst Olli klifra hægt. Gat þó ekki fylgst með honum vegna íshruns. Og ekki talað við hann vegna hávaða frá ánni. Þegar Olli hafði farið 20 m og sett inn 10 skrúfur var ég orðinn svolítið þirraður. Gat þó lítið gert annað en að rifja upp barnaskólastærðfræðina. 10 skrúfur á 20 m er ein skrúfa á 2 m. 200 m og skrúfur á 2 m fresti eru 100 skrúfur. 5 mín að setja inn eina skrúfu = 500 mín sem sagt 8,3 klukkutímar. Ekki mín draumastaða. Sitja á árbakka og einu leiðirnar út úr þessari klípu eru að synda niður ána eða klifra upp.



Horft niður í ríki Hadesar.
Ljósma.: Páll Sveinsson.

Olli: Palli bauð mér að taka fyrstu spönn. Þáði ég það og lagði af stað eftir að hafa græjað mig. Þetta var ósköp venjulegt 3. gráðu klifur í mjúkum ís með brotaskara. Eftir 40 mín. klifur var ég kominn upp fyrstu 20 metrana og vaknaði upp við það að ég hafði verið að föndra við að skrúfa inn skrúfur út um allt og þegar ég leit niður var eins og ég hefði saumað mig upp með skrúfunum. Ég var alls ekki í sambandi og eiginlega ekki með sjálfum mér. Ég var svo mikið að hugsa um það sem fyrir ofan var að ég hafði ekki haft rænu á að klifra eins og ég er vanur. Ég tók mig taki og lauk spönninni, tók Palla upp og hugsaði á meðan hvernig ég ætti að útskýra fyrir Palla hvern fjand... ég hefði eiginlega verið að föndra. Þegar Palli kom upp spurði hann mig hvort ég hefði verið að reyna að slá íslandsmet í fjölda ískrúfa á 40 m og ákvað ég að svara sem minnstu þar sem ég vissi alveg upp á mig skömmina en lofaði betrubótum.

Palli var kominn í ham og klifraði fljótt og örugglega upp, greinilega staðráðinn í að vinna upp eitthvað af þeim tíma sem ég hafði sóað. Þegar ég kom á eftir honum var eins og vélin hrykki í gang og var ég kominn í hörkustuð þegar ég kom upp til hans. Ég leiddi næstu spönn og var það stíf 4. gráða sem virkaði miklu léttari en fyrsta spönnin. Ég fann mig mjög vel í klifrinu og naut þess að klifra utan á lóðréttum kertum þangað til ég komst upp á sylluna fyrir ofan þakið ógurlega. Rýtingurinn var á sínum stað og sá ég ekki neina leið framhjá

þessu þaki nema hugsanlega að hliðra eftir syllunni í þeirri von að finna leið framhjá. Ég fann heppilegan stans og beið eftir Palla. Ég vonaði að hann mundi finna færa leið framhjá þakinu í næstu spönn enda vorum við báðir alveg ákveðnir í að selja okkur dýrt áður en við færum að taka sundtökin í neþunni.

Palli: Olli, ég, Olli og nú aftur ég. Búið að vera þægilegt, venjulegt 3 til 4+ gráðu ísklifur. Búnir með 120 m. Nú var það hliðrunin. Syllan var breiðari en ég hafði haldið, eiginlega spennandi ganga frekar en klifur. Magnað umhverfi, eins og að ganga um í myndasögu. Gleymdi að ljósmynda þakið sem myndi gera okkar afbrigði að „aumingjakrók“. Ég var búinn að vera með hnút í maganum alla leiðina yfir því hvað gæti leynst handan við hornið. Var fær leið fyrir handan? Ég veit ekki hvort það voru vonbrigði, gleði eða léttir þegar ég sá að framhaldið væri ekki vandamál. Nú var aðeins ein spönn eftir sem gæti stoppað okkur. Hún var sem betur fer nógu erfið til að standa undir margra ára magaverk, andvökunóttum og blautum draumum. Þessi spönn var eins og ísklifur getur orðið skemmtilegast. Góður ís þar sem hann var. Góðar tryggingar þegar þær voru mögulegar. Brött og íslaus á kafla, mátulega erfið til að ég kæmi sögu um hana í ÍSALP.



Lómnúpur.
Ljósmei: Snævarr Guðmundsson.

Olli: Ég klifraði upp rás sem lá upp á næstu syllu og hliðraði síðan eftir syllunni þangað til ég kom að síðasta erfiða kaflanum á leiðinni. Þegar Palli kom til mín beið hann ekki boðanna heldur græjaði sig í flýti og var þotinn af stað. Neðri helmingur haftsins reyndist auðveldur en það tók dálítinn tíma fyrir Palla að tryggja íslausa haftið áður en hann lagði í það. Við tók lóðrétt eða smá yfirhangandi íspil sem Palli puðaði upp jafnt og þétt. Þegar brúninni var náð leið ekki langur tími þangað til kippt var duglega í línuna. Ég var þegar búinn að græja mig og spólaði af stað og er óhætt að fullyrða að þessi spönn var ein ánægjulegasta spönn sem ég hef klifrað. Þarna var allt sem hægt er að hugsa sér. Frábær ís, brött ísleið, íslaus kafli þar sem taka þurfti verulega á og síðan lóðréttur ís upp á næstu syllu. Þegar ég stakk

hausnum upp fyrir brúnina sá ég Palla þar skælbrosandi. Við vorum ekki búnir ennþá svo ég ákvað að sleppa stríðsdansinum að sinni og fara að búa mig undir þessa rúmlega hálfu spönn sem eftir var upp á sjálfa brúnina. Seinasti hluti leiðarinnar reyndist vera létt snjóbrólt sem við vorum fljótir að sigrast á.

Palli: Það eru forréttindi að hafa svona leið við bæjardyrnar. Svona leið kallar á klifrara yfir hálfan hnöttinn. Tæknilega var hún léttari en ég hélt en ánægjustuðullinn var fullkominn.

Palli og Olli

Ódysseifur

Snævarr Guðmundsson

Hæð: **200 m**

Lengd leiðar: **400 m**

Tími: **6-8 tímar í klifri + 2 tímar niður**

Aðkoma: **15 mín frá bíl**

Útbúnaður: léttur klettarakkur, hnetuset + 1/2 vinasett. Aðkoma er sunnan við Eystrahorn, ekki hræðast blauta sanda framundan, þeir eru harðari en sýnist...

Leiðin var unnin á árunum 1995-1998 af Guðjóni Snæ Steindórssyni og Snævarri Guðmundssyni. Einnig komu við sögu Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson auk Jóns Geirssonar en þeir tveir síðastnefndu tóku þátt þegar leiðin var fyrst klifin í heild, um verslunarmannahelgina 1998. Alls voru farnar sex ferðir austur og í hverri ferð bættust ein til þrjár spannar við leiðina. Þegar upp var staðið var leiðin alls þrettán spannar. Höfðum við ekið alls um 7000 km til að ljúka henni.

Í leiðina, sem er minnst 400 m löng, voru settir inn meira en 40 boltar. Þá settum við samtímis og leiðin var leið. Gabbróið í Vestrahorni er lítið sprungið og því vart hægt að tryggja með hnetum. Þar sem við boltuðum var ekki hægt að tryggja á annan hátt. Aðeins í tveim efstu spönnunum eru engir boltar. Leiðin fylgir augljósustu línunum, þ.e.a.s. sem við Sáum út hverju sinni. Í hverri megintryggingu eru yfirleitt tveir boltar og því er auðvelt um vik að síga leiðina niður. Þó er bolti til þess að síga niður efstu 20 m af toppinum en bergið þar er fremur varasamt. Eftir það er brölt niður brattar skriður og slöbb.

Leiðin byrjar við enda stóru syllunar og fylgir henni út að hryggnum. Þaðan liggur hún í stórum dráttum eftir honum. Erfiðasti kaflinn er spönn nr. 4 (5.8). Þar fyrir ofan eru horn og grófir klifraðar og í lokin upp í bogalaga grassprungu (spönn 7). Ofan hennar er farin grassylla sem liggur til vinstri (sp. 8). Þaðan er stefnan tekin á hornið. Á myndinni er leiðin merkt nokkuð nákvæmlega. Til þess að losna við það að villast er sniðugast að hafa myndina með þegar leiðin er klifruð til að forðast óþarfa tafir.




Norröna á leið upp austurströndina,
meðan piltarnir leika sér í fuglabjarginu.
Ljós.: Guðmundur Jóhannsson.

Mallorka, strákarnir á ströndinni, Tóti vinnur
sig undir pilsfaldinn hjá Claudiu Schiffer í Santani
5.11d. Ljós.: Guðmundur Jóhannsson.

Meistari Björn og Spánverjinn á ljúfri
stundu í kvöldroðanum undir Búahömrum.
Ljós.: úr safni Guðmundar.

Enn eitt bústið bakið í Ammríkunni stóru
fögru, úr Rifli. Ljós.: Rafn Emilsson.




Siurana, Guðmundur stillir sig af í Yaosvale
5.12d. Ljós.: Hjalte Guðmundsson.




Hjalte mjakast upp hornið í Fantasiu 5.13a.
Ljós.: Guðmundur Jóhannsson.



Sárabót Satans, Rúnar kiðfætlast um í skorunni.
Ljós.: Ljós.: Úr safni Rúnars.



Tóti á ströndinni í Mallorka, Kalli kanarifugl í
bakgrunni, úr safni Guðmundur Jóhannssonar.



Gummi (27) og Hrappur (30) flottir
saman á Sóleyjarvöllum við Fantasiu.
Ljós.: Björn Baldurson.

Fraquelle, Mallorka..., Ýkú-úonum.
Ljós.: Guðmundur Jóhannsson.

Skýrsla stjórnar 1999-2000

Í stjórn Ísalp á liðnu starfsári voru eftirtaldir:

Karl Ingólfsson formaður
Kristján G. Bjarnason ritari
Stefán P. Magnússon gjaldkeri
Helgi Borg Jóhannesson
Pálmi Mátsson
Haukur Grönlí
Guðmundur Jóhannsson

Stjórnarfundir voru u.þ.b. mánaðarlega. Stjórnarlímir voru nokkuð misvirkir í störfum sínum. Helsta verkefni stjórnar var gerð og framkvæmd starfsáætlana, námskeiðahald ásamt átaki til fjölgunar greiðandi meðlima. Nauðsynlegt er að virkja fleiri í þau verk. Nú eru 200 greiðandi félagar í ÍSALP og er útlit fyrir fjölgun á komandi starfsári. Fjármálin eru á uppleið eftir nokkra lægð í innheimtu félagsgjalda.

Námskeið


Öll helstu námskeið voru sett saman í nokkurskonar pakka sem boðinn var á tilboðsverði. Gafst það nokkuð vel. Þó hefði mátt vera meiri kynning á þessum námskeiðum sl. haust.

Tryggingar

Það óhapp varð á Ísklifurnámskeiði í desember að tveir misfinnskir þátttakendur losuðu um snjóþekju undir klifurleið í Búhömrum og endasentust niður bratt gil og hlutu við það nokkra áverka, m.a. öklabrot. Þetta minnir okkur á það að ekki hafa enn náðst álitlegir samningar við tryggingarfélag um slysatryggingar til Ísalpara. E.t.v. er hægt að ná álitlegri samningum með því að skilgreina fjallatryggingu inni í e-h stærri tryggingapakka og auka þannig áhuga tryggingafélaga.

Starfsáætlun

Var með hefðbundnum hætti. Vor-, haust-, jóla og janúargleði sem tókust nokkuð vel. Árshátíð var haldin en í þeim efnum er ástæða til breytinga. Gjaldkeri tók upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á fljótandi og fastar veigar á völdum samkomum og var því vel tekið. Ferðir tókust nokkuð vel en voru misjafnlega sóttar. Fjölmennastar voru Hnappavallaferð og ísfestival í Haukadal sem gekk framur vonum, þrátt fyrir rysjótt veður í upphafi. Meðal nýunga í ferðamálum var skíðaferð í júní á Tröllaskaga. Tókst sú ferð með ágætum og þrátt fyrir fámenni er áformuð önnur á komandi vori, það eru víst einhverjar brekkur eftir. Nokkrar myndasýningar voru á vegum ÍSALP og voru þær ágætlega sóttar, þakkir til þeirra er sýndu. Eru félagar hvattir til myndatöku og til þess að sýna afurðir sínar.



Hluti af stjórn Ísalp 1999-2000. f.v.: Kristján, Stefán, Karl og Helgi.

Bókasafn

Bókasafninu barst höfðingleg bókaöf frá Hreini Magnússyni og á hann þakkir skildar. Að öðru leyti var lítil endurnýjun á bókakosti og þörf á einhverjum til að sinna þeim málum nú þegar klúbburinn réttir úr fjárhagskútnum.


Skálar

Skálarnir fengu lágmarkspjónustu á liðnu ári og þurfa nú nokkra klössun. Í undirbúningi er átak í þeim efnum og eru áhugasömum bent á umsjónarmenn skála, þá Jón Þorgrímsson og Guttorm B. Þórarinnsson. Ljóst er að gera þarf átak í innheimtu skálagjalda og eru ákveðnar hugmyndir á lofti í þeim efnum. Einnig er ljóst að ÍSALP þarf að kosta nokkru til. Af umhverfisástæðum er t.a.m. æskilegt að byggja kamra á báðum stöðum.

Heimasíðan

Heimasíða ÍSALP, -www.isalp.is-, er í höndum Helga Borg. Stjórn er þess fullviss að þar er komið álitlegt hjálpartæki í starfinu. Félagar eru hvattir til að nýta sér heimasíðu og rafpóst, slíkt stytir verulega allar boðleiðir. Einnig er á heimasíðunni aðgengilegur gluggi til að uppfæra og auka við félagatalið og er það tvímælaust til bóta að hægt er að tengjast ÍSALP á þennan hátt.

Markmið ÍSALP er að vera samstarfsverkfæri sem flestra Íslenskra fjallamanna. Til þess þarf klúbburinn að höfða til breiðs hóps manna með mismunandi áherslur í sinni fjallamennsku. Þetta markmið kostar nokkra vinnu, aðferðin er þekkt; áhugaverð dagskrá, námskeiðahald, og aukin kynning á ÍSALP og fjallamennsku. Öflugur alpaklúbbur er bakhjarl íslenskra fjallamanna. Það vantar menn til starfa.



Áka skidor, Grafardalur - Esja.
Ljós.: Tómas Júlíusson.



Blómlegir formenn í Tindfjöllum.
Ljós.: Ólafur Ragnar.

Ársreikningur ÍSALP 1998

Rekstrarreikningur

	Gjöld	Tekjur	
Tryggingar	8.882	Auglýsingar í ársriti '96	30.000
Sími	15.538	Auglýsingar í ársriti '97	260.000 1)
Húsaleiga	75.110	Sala á ársritum	3.937
Áskrift tímarita	4.711	Sala á leiðarvísunum	8.892
Fréttabréf '98	778	Gistigjöld Tindfjöll	53.830
Kostn. vegna ársr. '97	483.853	Gistigjöld Bratti	11.541
Félagsgjöld UIAA	48.520	Árgjöld 97 (fyrir ársrit 96)	11.200
Póstburðargjöld	52.969	Árgjöld 98 (fyrir ársrit 97)	499.800
Heimasíða	36.356	Námskeið	63.493
Umhverfismál	15.000	Skemmtanir	43.533
Heimsókn Jeff Lowe	64.660		
Bankakostnaður	9.654		
Annað	9.352		

Gjöld samtals: 825.383 Tekjur samtals: 986.2

Tekjur umfram gjöld: 160.843

Samtals 986.226 Samtals 986.226

Efnahagsreikningur

	Eignir	Skuldir	
Ávisanareikningur	72.116	Höfuðstóll	1.588.129
Giróreikningur	212.412	Leiðrétting á verðgildi Bratta	
Kjörbók	122.300	skv. fasteignamati	62.000
Bratti	932.000	Tekjur umfram gjöld	160.843
Kamrar á Hnappav.	45.053	Leiðrétting, skuldunautar '97	
Litskyggnuvél	21.970	felldir niður	-115.000 2)
Sjónvarp	5.000		
Myndbandstæki	5.000		
Bókasafn	188.086		
Húsgögn	83.435		
Útvarpstæki	8.600		
Samtals	1.695.972	Samtals	1.695.972

Athugasemdir vegna breytinga frá fyrri árum:

1) Einungis innheimtar auglýsingatekjur eru bókfærðar sem tekjur.

2) Skuldunautar eru ekki lengur færðir sem eignir.

Þeir skuldunautar sem bókfærðir voru sem eignir '97 eru hér bakfærðir

Reikning þennan hef ég endurskoðað og er honum samþykktur,

Magnús Tumi Guðmundsson

ÁRSREIKNINGUR ÍSALP 1999

Rekstrarreikningur

	Gjöld	Tekjur	
Tryggingar	8.228	Ársrit '97	65.000
Sími	15.229	Sala ársrita (leiðarvísa)	117.390
Húsaleiga '98	161.651	Sala á leiðarvísunum	1.000
Húsaleiga '99	104.744	Tindfjöll	32.441
Áskrift tímarita	22.900	Árgjald '98	5.600
Fréttabréf '99	26.018	Árgjald '99	531.360
Ársrit '98	71.500	Fjármagnsliðir	5.464
Póstburðargjöld	58.506		
Heimasíða	24.981		
Bankakostnaður	5.866		
Bratti	9.920		
Ritföng og fleira	1.807		
Námskeið '98	55.000		
Námskeið '99	14.812		
Skemmtanir	59.378		
Annað	81.040		

Gjöld samtals 721.580 Tekjur samtals 758.255

Tekjur umfram gjöld 36.675

Samtals 758.255 758.255

Efnahagsreikningur

	Eignir	Skuldir	
Ávisanareikningur	82.857	Höfuðstóll	1.695.972
Giróreikningur	160.646	Leiðr. á verðg. Bratta	
Einingabréf 6	70.000	skv. fasteignamati	195.000
Einingabréf 9	130.000	Leiðr. á verðg. sjónvarps	5.000 *
Bratti	1.127.000	Leiðr. á verðg. myndbandst.	-5.000 *
Kamar á Hnappavöllum	45.053	Leiðr. á verðg. húsgagna	83.435 *
Litskyggnuvél	21.970		
Bókasafn	188.086		
Útvarpstæki	8.600	Tekjur umfram gjöld	36.675

Samtals 1.834.212 1.834.212

* Þessir munir eru ekki lengur í vörslu klúbbsins og teljast því ekki lengur sem eign hans.

Ársreikning þennan fyrir Íslenska Alpklúbbinn hef ég yfirlit. Ég álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu klúbbsins á árinu 1999 í samræmi við lög klúbbsins og góða reikningsskilavenju. Legg ég til að hann verði samþykktur.

Guttormur Björn Þórarinnsson.

Reykjavík, 15. febrúar 2000

Fréttapistill

Di Stefano S Smárasonio í Prima
Noche í Sauratindino.
Ljós.: Rúnar Óli Karlsson

Umsjón: Ritnefnd og Þorvaldur Þórsson.

Í fréttapistilinum er fjallað um það helsta sem gerðist frá og með síðhaustinu 1998 til loka árs 1999. Lítið var um utanferðir íslenskra fjallamanna á tímabilinu. Þó var myndarlegur hópur sem dvaldi vetrarlangt í Chamonix en mikill snjór og snjóflóðahætta setti svip sinn á allt klifur í Ölpunum veturinn '98-'99. Leifur og Guðjón gerðu ágæta ferð til Grænlands um vorið en annars fer fáum sögum af öðrum afrekum á erlendri grund. Kletta-klifrararnir héldu uppi fyrri háttum með hefðbundnum vorferðum til Spánar og Suður-Evrópu um vorið en um haustið voru sjö klifrarar á ferð í Bandaríkjunum stóru fögru.


Ísklifurvertíðin þennan vetur var með besta móti og var mikið klifrað af nýjum leiðum. Sérstaklega var mikið klifrað í Haukadál, meðal annars á velheppnuðu Ís-festivali í febrúar. Töluverðu af þeim leiðum var þó lýst í leiðarvísi í ársriti 1998. Einnig var töluvert af nýjum leiðum klifraðar í Öræfum og víðar. Á heimasíðu Ísalp er nú farið að birta fréttir af ísklifuraðstæðum hverju sinni. Þorvaldur Þórsson hefur séð um að halda þeim pistli úti. Gæði og notagildi slíkrar síðu eru þó alltaf háð því að félagar sendi inn tilkynningar um aðstæður, jafnvel þó ekki merkilegar séu. Nú svo og sérstaklega ef að einhverjir telja sig hafa farið nýjar leiðir þá skapast umræðugundvöllur um þær og ennfremur verður öll skráning í fréttapistil Ísalp mun auðveldari.

Fjallamennska

Útlönd

Alpar

Snjóflóðaveturinn mikla 1999 dvöldu nokkrir Íslendingar í Chamonix. Þrálát snjócoma og viðvarandi snjóflóðahætta sneri votum klifurdraumum í loftkennda púðurskiðadraumum hjá flestum. Fátt fer af klifursögum þessa hóps en heldur meir af skíðaferðum og votlendisferðum um götur Cham. Hópurinn stækkaði og minnkaði í takt við snjókomuna í fjöllum og vildarkjör



barvertanna í bænum, en að jafnaði voru þetta um átta stykki sem deildu með sér 18 fermetrum og einum svölum. Guðmundur Tómasson og Jón Heiðar klifruðu Albinouni Gabbarou sem er TD leið á Mt. Blanc du Tacul. Einnig klifruðu Friðjón Þorleifsson og Magnús Aðalmondsson sömu leið síðar um veturinn. Styrmir Steingrímsson og Jökull Bergmann klifruðu síðan leiðina Modica-Noury Supergoulotte sem er TD+ á sama vegg. Báðar þessar leiðir eru skammt frá hinni þekktu leið Supercouloir. Allar leiðirnar blasa við í NA-veggnum þegar skíðað er frá Midi og niður Valley Blanch. Á „Norðurþríhyrningnum“ á Tacul fóru Friðjón og Guðmundur Contamine-Maseaud AD+ en sú leið liggur skammt undan Chere couloir sem um árabíl hefur verið klassísk Íslendingaleið. Einhverjir ónafngreindir ísfossar voru klifraðir, en þar ber að nefna að Jökull og Jón Heiðar klifruðu leiðina Nuit blanch við Argentiére jökulinn sem í árdaga mixaðs klifurs þótti með þeim erfiðari, en með auknu vatnsrennsli frá skemmum þar á brúninni hefur leiðin breyst í nánast hreina ísleið. Með hækkanði sól í apríl voru helstu klettaklifursvæðin í nágrenni Chamonix brúkuð af miklum móð.

Grænland

Vorið 1999 stóðu Íslenskir Fjallaleiðsögumenn fyrir leiðangri á hæsta fjall Grænlands. Leiðangursmenn voru

þrír, þeir Leifur Örn Svavarsson, Guðjón Marteinnsson og Bretinn Edward MacGau. Fóru þeir félagar frá Akureyri með Twin Otter skíðaflugvél sem eftir millilendingu á Ísafirði skildi leiðangursmenn eftir í Watkins fjöllum sem eru umlukin hæstu tindum Grænlands. Leiðangursmenn gengu á Gunnbjörnsfjall, 3.694 m, en einnig gengu Leifur og Guðjón á næst hæsta fjall Grænlands, Kaqqaq Kersaw, öðru nafni Dom sem er 3.983 m. Að þessu loknu gengu þeir á skíðum að hæsta fjalli Grænlands, Einar Mikkaelsen fjalli, sen náðu ekki að klífa fjallið sökum mikillar ofankomu.

Ísklifur veturinn 1998-1999

Suðurland

Öræfi

Dagana 3.-5. mars 1999 voru Dan Gibson, Ívar Finn-bogason og Einar R. Sigurðsson á þrilli í Öræfum og klifruðu einar fjórar nýjar leiðir sem eru taldar upp hér að neðan:

1. Sléttubjargafoss. Fossinn fellur fram af Sléttubjörgum sem eru upp af Háðxl og Hnappavöllum í Öræfum. Aðkoman er á milli Hnappavalla og Stigár. Sléttubjargarfoss er innst (lengst til vinstri) inni í hvilft með fleiri ísleiðum. Stigárjökullinn er ca. 1 km norðar (til hægri). Fyrri hluti leiðarinnar er í víðáttumiklum góðum fjórðu gráðu ís en efri hlutinn liggur upp kerti sem helst vel lóðrétt langleiðina upp á brún, WI 5, 60 metrar, F.F. 4. mars 1999.
2. Græna byltingin er í Grænafjallsgljúfri milli Sandfells og Grænafjalls í Öræfum. Þetta er ein af fyrstu leiðunum sem komið er að, í ytri hvelfingunni. Til að fara í innri hvelfinguna þarf að klífa upp 6-8 metra íshaft. Leiðin liggur upp í Sandfell. Leiðin byrjar í áberandi kerti sem kemur úr klettaveggnum. Efst í því þarf að hliðra til vinstri í klettaveggnum til að komast í ísinn í giliinu sjálfu. (Þriðji maðurinn fór direct afbrigði beint upp í gilið) Síðan tekur við létt klifur upp að kerti sem liggur efst úr giliinu upp á brún. Þar þurfti að klífra í mosavöxnum kletti bak við þunnt kertið áður en óhætt var að fara í ísinn hægra megin í kertinu. Síðan tók við góður kafli með vinstri hendi/fót í kertinu, en hægri fót/-



Grímur gluðast gjótuna í Kistufelli.
Ljóm.: Hörður Magnússon

hendi í mosaveggnum, WI 5+ M5-6, 70 metrar, F.F. 5. mars 1999.


3. Nálarauga. Einnig í Grænafjallsgljúfri, liggur upp á efstu brún og skilar manni upp á Sandfell. Leiðin er mest áberandi kertið sem sést m.a. vel af Virkisjöklinum. Fyrri spönnin liggur upp lóðréttann ís með klettavegginn á vistri hönd. Seinni spönnin hefst á að klífra undan litlu slútti, síðan þræðir maður sig inn í auga á kertinu og klífrar inni í því og kemur út í gegnum það langleiðina upp við brún, WI 5, 60 metrar, F.F. 3. mars 1999.

4. The road to nowhere. Leiðin er í mest áberandi íspilinu um 50 metrum til hægri frá Grænafjallsgljúrfossinum sjálfum. Um 10 metrum til hægri við leiðina er 20-30 m frístandandi kerti. Þegar komið er upp á brún á þessari leið taka við fláar og síðan annað lægra íspil, WI 4, 70 metrar, F.F. 5. mars 1999.

Fljótshlíð

Innst í Fljótshlíð við mynni Gilsárgljúfurs, austan Þórólfsfells, fóru Guðmundur Helgi Christensen og Jökull Bergmann nýja leið þann 31. október 1998. Fyrri spönnin, sem sést frá veginum, byrjar í frístandandi 40 m kerti, upp í stóra gróf þar sem annað 40 m kerti tekur við. Mjög falleg leið sem vel þess virði er að keyra alla

Rúnar Óli Karlsson leiðir Hestfoss í samnefndum firði í fyrsta sinn. Ljósmynd. úr safni Rúnars.



leiðina úr bænum fyrir. Leiðina nefndu þeir Giljagaur og er hún 80 m, gráðast WI 5.

Hellisheiði

Þeir Einar R. Sigurðsson og Bárður Árnason fóru nýja leið fyrir ofan Ölfusréttir utan í Hellisheiði í Árnessýslu þann 27. desember 1998. Leiðin liggur fyrir ofan bratta ísbrekku en þar er 10 m hátt íspil með lóðréttum kafla efst. Þar tekur síðan við mosabrekka. Leiðin er um 50 m, gráða WI 3 og hlaut nafnið Gvendur níski.

Suðvesturland

Glymsgíli

Stolinn Draumur. 14. febrúar 1999 klifruðu Páll Sveinsson og Guðjón Snær Steindórsson Spönnina í Glymsgíli og síðan klifruðu þeir Stolinn draum sem telst vera ný leið. Leiðin er næsta leið vinstra megin við Spönnina sem er nr. 2. í leiðarvísi Ísalp 1996 og er 30 m löng, nær lóðrétt og kemur upp í smá þak áður en hún endar á íslausri og nærri lóðrétttri rennu.

Draumaleiðin. 10. mars 1999 fóru Páll Sveinsson og Þorvaldur V. Þórsson nýja leið í Glymsgíli, ofarlega í syðri barm gilsins og er hún beint á móti leiðinni Hlyn. Þessi leið er sú lengsta sem hægt er að fara í Glymsgíli.

Leiðin samanstendur af einni 3. gráðu 60 m langri spönn og síðan tekur við 4. gráðu heil spönn. Þar næst tekur við stutt en stíf 4. gráðu spönn hægra megin við þak í leiðinni sem ekki var hægt að fara. Næsta spönn var hliðrun 60 m til vinstri (í austur) framhjá miklu fríhangandi kerti sem hékk niður úr stóru þaki. Sennilega er hægt að klifra þakið en það væri sennilega M7+ eða þaðan af erfiðara. Þvínæst var klifrað upp mjóa lænu og hliðrað aftur til hægri undir einu færui leiðina upp næsta haft. Það var um rúmlega 50 m haft með nærri 15 m lóðréttum ís upp á stall þar sem vantaði um 3 m í að ísinn næði niður á stallinn. Svo var um 35 m af alveg lóðréttum eða aðeins yfirhangandi ís upp á brún. Síðasta spönnin var létt hliðrun til hægri fram hjá hengjunni. Leiðin endar á mjög áberandi stein eða steinahrúgu sem stendur á gilbarminum. Leiðin fær samfellda gráðun sem er um 5+ og er lengdin fyrir utan hliðranirnar um 200 m. Er þetta leið sem þá félagar hefur dreymt lengi að fara og fékk því heitið Draumaleiðin. Einhver hefði nú getið haldið að meira réttnefni væri fram og til baka, en leiðinni er betur lýst í grein Þorvalds framur í blaðinu.

Flugugil

Kertasníkir. 1. nóvember 1998 klifruðu Guðmundur Helgi Christensen og Jökull Bergmann nýja leið vestan megin í Flugugili í Brynjudal. Leiðin er í hæsta samfellda veggnum innarlega í giliinu. Hún sést vel þegar gengið er inn gilið. Leiðin er mjög brött og yfirhangandi á kafla og liggur upp röð af fríhangandi kertum alla leið upp á brún. Gráða WI 5+, 45 m.

Múlafjall

HOKA HEY. Það útleggst víst á íslensku sem; góður dagur til að deyja, hvort sem það var nú þannig eða ekki. Alla vega er þetta ný leið í Múlafjalli. Handan við hornið hjá Íste er áberandi þak og um 15 m lengra í austur sést greinileg ljós gróp í berginu þar sem nýlega hefur hrunið úr. Þar er leiðin. Hún er augljós og fylgir sprungu fyrstu 20 m, inn í smá holu í lausu bergi og svo beint upp í smá ís. Hún endar í litlu þaki með góðum tókum og svo upp á brún. Leiðin er um 30 m og er af gráðu M6. Hún var fyrst klifruð af Jökli Bergmann, Guðmundi Tómassyni og Styrmí Steingrímssyni 24. október 1998.

Jökull Bergmann, Guðmundur Tómasson og Styrmir Steingrímsson fóru nýja leið sem Styrmir var búinn að vera að bolta, hún er innarlega í Múlafjalli í Hvalfjarðarbotni. Þetta er fyrsta boltaða leiðin í Múlafjalli og er um 30-40 m löng með fjórum boltum. Leiðin ar af gráðu M6+ og heitir Scottish Leader eftir þeim veigum sem þeir drukku á meðan þeir klifruðu.

Páll Sveinsson og Helgi Borg klifruðu nýja leið sem er í áberandi íslausri sprungu austan við Íste. Leiðin endar í leið í ís og er gráðuð M5, lengd um 20-30 m. F.F. 7. febrúar 1999.

Í ársriti 1998 var greint frá leið sem Guðmundur Tómasson fór í Múlafjalli þá um vorið. Síðan hrundi stórt stykki úr leiðinni og breyttist hún verulega. Í október 1998 klifraði Guðmundur Helgi Cristensen þakið þar sem að hrundi úr og var enginn slúttandi ís í það skiptið, Jökull Bergmann fylgdi svo á eftir. Þetta er fyrsta skiptið sem leiðin er farin eftir hrunið. Ekki fékkst gráðun á

leiðina en einhver áhöld voru um hugsanlega M7 gráðu, en það verður seint staðfest þar sem að síðustu fregnir herma að nú sé þessi leið búin að breytast enn og aftur.

Guðmundur Helgi og Palli klifruðu líklegast nýja leið í þarnæsta gili austan við Íste. Þrjár leiðir eru í þessari skoru, að þessu sinni var miðleiðin sem er mixuð og um 30 m löng klifruð. F.F. 24. október 1998. Daginn eftir klifraði Hallgrímur Magnússon leiðina vinstra megin. Mjög líklega voru fleiri leiðir voru klifraðar í Múlafjalli þennan vetur en lýsingum af þeim ber illa saman, þar sem margar lýsingar eru mjög óljósar.

Hvalfjörður

Guðmundur Helgi Christensen og Jökull Bergmann klifruðu leið í fjallinu beint fyrir ofan Hvammsvík í Hvalfirði. Leiðin er mest áberandi íslænan í þarna fjallinu og samanstendur af tveimur megin íshöftum og léttara brölti á milli, hlaut hún nafnið Stúfur og er WI 3, lengd 70 m, F.F. 1. nóvember 1998.

Vesturland

Haukadalur

Helgina 2.-3. janúar 1999 voru Guðmundur Helgi, Jórunn Harðardóttir og Þorvaldur Þórsson í Haukadal. Þau klifruðu alls fimm nýjar leiðir. Þær eru allar merktar í leiðarvísinn í ársriti 1998, en hér fylgir örlítið meiri umfjöllun.

1. Fyrsta barn ársins. Var sú fyrsta sem féll að öxum þeirra en hún er á milli leiðanna 10 þumla og 4 handabaka og Leið lata mannsins, WI 4 - 4+, 60 m.
2. Vatnsveitan. Sú leið er næst til hægri frá leiðinni Frussetta, WI 4, 60 m.
3. Aðrein í Stekkjagili. Þetta er fyrsta klifurferð inn í þetta gil sem vitað er um. Þegar komið er inn í gilið er aðeins hægt að ganga um 100 m inn í það og er þar fyrir 40 m hár foss sem var opin og kom í veg fyrir frekari göngu inn gilið. Þar á vinstri hönd er létt en varasamt 30 m brölt upp af 3. gráðu upp á hallandi sillu undir um 30-40 m breiðu íspili sem er nærri lóðrétt um 30-35 m hátt. Þilið var klifrað lengst til hægri þar sem það er brattast og reyndist þetta mjög glæsilegt og krefjandi klifur nema brúnin var íslaus, með blautum jarðvegi sem getur verið

varhugavert, WI 5, 40 m. F.F. 3. janúar 1999.

4. Þjóðvegur 66. Næst var labbað eftir breiðri hallandi sillu inn gilið, þar var klifruð ein og hálf spanna leið fyrir miðju gili vinstra megin og er það mest áberandi súlan í íspilinu, þó sennilega ekki erfiðasta leiðin þarna, lengd 60 - 75 m, WI 5. Leiðin liggur upp mjög áberandi og nærri lóðrétta 40 m háa súlu upp á smá stall, þaðan er 20-30 m nærri lóðrétt klifur upp á brúnum. Að auki klifraði Jórunn snjó og ísleið af 3. gráðu sem kallast Frárein.

Ísfestival í Haukadal 1999.

Helgina 20. - 21. febrúar hélt Íslenski alpaklúbburinn sína árlegu ísklifurhátíð og var Haukadalurinn fyrir valinu annað árið í röð. Þetta árið voru um 17 manns þarna að klifra í sæmilegu veðri en hræðilegri veðurspá. Veðrið fyrri daginn var eljagangur en að öðru leyti gott. Seinni daginn var aðeins verra veður með talsverðum vindi og snjófjúki framan af, neðantaldar leiðir voru lagðar undir meðan á Festivalinu stóð. Mörgum af þessum leiðum hefur verið lýst í ársriti 1998.

Tipplað á tánum (Skálagil). Mjög þunn og tortryggð leið næst vinstra megin við 240mín, WI 6, 60 m. F.F. Páll Sveinsson og Hallgrímur Magnússon.

Skrúfjárníð, næsta leið vinstra megin við leiðina Tipplað á tánum. Leiðin byrjar á auðveldu brölti svo tekur við stutt haft og síðan aftur brölt. Þar næst tekur við nærri lóðrétt 20 m íshaft. Þar fyrir ofan er létt brölt upp á brún, WI 4+, 60m. F.F. Þorvaldur V. Þórsson, Karl Ingólfsson og Tony Cline.

Traktor. Skemmtileg og brött leið í Skálagili vinstra megin við leiðina Gníst tönnum. Leiðin liggur beint upp af leiðinni og síðan er hliðrað til vinstri og þar upp á topp, lengd 50 m. F.F. Guðmundur Helgi Christensen og Jórunn Harðardóttir.

Í fótspor fræðimanns. Þetta er næsta leið vinstra megin við Traktor í Skálagili. Leiðin liggur beint upp íshaft af

leiðinni upp en þar er hliðrað til hægri og komið inn í efsta hluta af leiðinni Traktor, WI 4, 50 m. F.F. Hallgrímur Magnússon og Páll Sveinsson.

Trommarinn. Aðalfoss Skálagils sem blasir við innst þegar gengið er inn gilið. Byrjað er hægra megin í fossinum á léttu brölti upp á stall þar sem fossin og hamraveggurinn mætast. Þaðan er klifrað ca. 10 m upp hægra megin í fossinum en síðan farið inn að miðju og er þeirri línu fylgt upp á topp. Skemmtileg leið þar sem fossinn spilar undir klifurhljóðin af miklum krafti, WI 4, 60 m. F.F. Guðjón Snær Steindórsson og Haraldur Örn Ólafsson.

Brúsinn. Stöllótt tveggja spanna leið á vinstri hönd þegar gengið er inn Skálagil. Leiðin er mest áberandi línun um það bil fyrir miðju gili, WI 4, 60 m. F.F. Valgeir Ægir Ingólfsson, Óttar Kjartansson og Ólafur V. Birgisson

Klettaklifur

Ísland:

Búhamrar

Ný leið var sett upp í Vítisbjöllum í Búhömrum og ber hún nafnið Helgríma og er gráðuð 7C+ - 8A. Það var Björn Baldursson sem tosaðist upp leiðina fyrstur manna.

Vestfirðir - Hrafnfjörður:

Um verslunarmannahelgina fóru Ívar Finnbogason, Árni G. Reynirsson, Stefán S. Smárasson, Rúnar Ö. Kárásson og Lilja Bjarnadóttir í ferð að kletti einum í Hrafnfirði sem menn höfðu lengi haft augastað á. Byrjað var á tveimur leiðum, en þessi klettur bíður upp á leiðir með 2 - 4 spönnum, sjá nánari umfjöllun í grein framar í blaðinu.

Hnappavellir:

Farinn var ný útgáfa á byrjun leiðarinnar "Leikið á alls oddi" og liggur hún hægra megin við upphaflega byrjun. Á svæðinu hefur staðið yfir mikil endurboltun á

enda-akkerum síðustu misseri. Annars voru Vellirnir vel sóttir að vanda þetta sumar.

Steinafjall:

Nýtt „boulder“ svæði fannst undir Steinafjalli, austur af Hala í Suðursveit og voru gerðar 6 nýjar þrautir (boulder problem). Svæðið er í fullri vinnslu.

Eins og flestum félögum er kunnugt var haldið Íslands-mót í innanhússklifri 20. nóvember 1999. Að mótinu stóðu Sportklifurfélag Reykjavíkur og Hjálparsveit skáta Reykjavík. Keppt var í nýjum vegg HSSR að Malarhöfða 6. Þátttakan var mjög góð, 4 þátttakendur í kvennaflokki og 14 í karlaflokki. Í kvennaflokki var keppt í einni leið en í karlaflokki voru tvær leiðir settar upp og komust 6 fyrstu eftir fyrri leiðina, áfram í úrslit. Lokaúrslit urðu þessi:

Karlaflokkur:

1. Björn Baldursson
2. Þórarinn Pálsson
3. Hjalti Rafn Magnússon
4. Hrappur Magnússon
5. Hallgrímur Örn Arngrímsson
6. Aðalsteinn Birgisson

Kvennaflokkur.


1. Lilja Rún Bjarnadóttir
2. Magnea Magnúsdóttir
3. Kirsty Langley
4. Þóra Valsdóttir

Fjölmenni var á staðnum. Rúmlega 100 áhorfendur mætti til að fylgjast með tilburðum keppanda og létu fjölmiðlar einnig sjá sig. Voru menn almennt sammála því að aðstaðan til keppnishalds á þessum stað væri mjög góð og áhugavert væri að halda annað mót eftir áramót.

Útlönd:

Spánn

Þórarinn Pálsson, Hjalti Rafn Guðmundsson og Guðmundur Jóhannsson fóru til Spánnar í lok janúar. Byrj-



Í skoskum filing með rennilás af tryggingum.
Ljós.: Ívar F. Finnbogason.

uðu þeir í Sella fyrir ofan „ferðamanna-paradísina“ Benidorm. Þaðan var haldið til annarar paradísar, nefnilega Mallorca. Þar var klifrað á einum fimm svæðum. Eftir stutta hvíld héldu þeir til Siurana í nágrenni Barcelona og tókust þar á við klettana í mánuð. Að lokum var endað á Montgrony sem er klifursvæði í 1600 m hæð í Pyreniafjöllum en á því svæði höfðu Ívar og Stefán klifrað á í október 1998. Hjalti og Þórarinn klifruðu svo í 1 viku í Fountainbleue.

Frakkland

Snjóflóðaðflóttamennirnir úr Chamonix tóku sér nokkurra daga frí frá púðrinu til að púðra á sér puttana og safna sólbrúngu á milli tánna á ströndinni í Calanques. Þetta voru Styrmir Steingrímsson, Ingólfur Ólafsson, Ragnheiður Guðsteinsdóttir og Pálmi Músson ásamt Nínu sinni.

Bandaríkin - Colorado

Björn Baldursson hélt ásamt 6 grislingum til Rifle, Colorado í ágúst mánuði 1999. Vegna seinkunar á útgáfu blaðsins eru fyrrnendir víst komnir í fullorðinna tölu en eru engu að síður taldir hér upp eftir aldri: Hjalti R. Guðmundsson, Sigurður Skarphéðinsson, Hallgrímur Örn Arngrímsson, Arnar og Rafn synir Emils frá Garðabæ, einnig var með í för Aðalsteinn Birgisson en hann svaf að sögn manna mest.

Árbúa þáttur

Arnar hét maðr nefndur Guðmundur. Var hann sonur Ástvaldar Rakara Guðmundssonar Þengilssonar Illuga Jörundarsonar Össurarsonar totu. Nú var svo komið að hann herjaði um grundir Kjalariness við þriðja mann. Vóru þar með í för þeir Kjartan Þór Þorbjörnsson Otkelsson Gunnarsson Kolskeggsson hins viðskotaila og Ólafur Ragnar Helgason Ingólfsson Skamkelsson Kára-son Ketilbjarnarsonar gamla.

Þann þorra höfðu veður verið stillt og var svo enn : Utankul með snjófjúki en glæjur og nónpursar á himni.

Vóru þeir fóstbræður nú sem fyrr á ferli í Esjuhlíðum en kappar vóru þeir miklir og lögðu stundir á fjallsferðir og fóru þá fyrir í litklæðum og báru jafnan alvæpni. Sóttist þeim förin hægt áveðurs og var fannfergi nokkurt í gili sem þeir óðu. Þar kom að því að fyrir þeim varð elfa sem fór fram með miklum beljanda. Í þann tíma var áin meiri að vöxtum en í dag.

Mælti nú Kjartan : „Sýnist mér áin allmikil og tálma för og eru nú góð ráð dýr.“

Ólafur mælti : „Fylgið ráði mínu og mun þá elfa eigi hefta för.“

Snúa þeir nú ofan með fljótinu og sjá að spöng er yfir niðri, en fljótið var svo djúpt að langt var um ófært. Hleypur nú Ólafur að fram að fljótinu, en mikið svell var upp hlaupið öðrum megin fljótsins og svo hált sem gler. Ólafur hefur sig á loft og hleypur yfir fljótið meðal höfuðisa og stöðvar sig ekki og rennir þegar af fram fót-skriðu. Svellið var hált mjög og fór hann hratt sem fugl flygi uns hann nam að lokum staðar og stóð þar fast í báða fætur á fjærbakkanum.

Arnar mælti : „Mikinn ferð þú frændi og munum við nú eftir leika.“

Gerðu þeir svo og héldu áfram för.

Er þeir höfðu nokkuð gengið verður Arnar þess áskynja að stokkið hafði í sundur skópvengur Ólafs ofanvert.

Mælti þá Arnar : „Lýst mér svo á að þú hafir illa um hnútana búið og sýnist mér nú laus skópvengur þinn fóst-bróðir.“

Batt nú Ólafur skó sinn og mælti : „Eigi kann ég skó að binda ef þessir losna.“

Kom þar svo að innst í gili nu varð fyrir þeim mikill foss og var hann alsettur klakaböndum.

Kjartan mælti : „Enn sýnist mér tálmar verða á vegi og eru enn góð ráð dýr.“

Arnar mælti : „Þykist ég vita að ei sért þú greigull Kjartan og mælist ég til að þú takir forgöngu og klífum fossinn.“

Kjartan hafði greipa mikla á höndum og axir tvær og hófst þegar handa fór sem hamrammur væri og hafði í sér taug. Lagði hann til öxunum á víxl og hjó hann þar til öðru saxinu í ísinn uns nam í berg og fóru skriður miklar í kjölfarið og yfir þá frændur Ólaf og Arnar.

Ólafur mælti : „Böllr á byrðar stalli brast.“

Kjartan svaraði : „Kannkat þat lasta.“

Kleif nú Kjartan áfram og var hann eigi traudur og fór svo að hann náði brún að lokum og á eftir fylgdu þeir frændur. Síðar hlaut fossinn nafn af uppförinni og var nefndur nefndur Kjartanskleif.

Degi var nú tekið að halla enda skammur. Beindu þeir því för sinni til Ásláks bónda á Mosfelli. Þeir komu þar að hlaði í ljósaskiptum og tók Áslákr þeim höfðinglega og bar að þeim öl sem mest hann mátti enda drukkið fast. Sem hinir var Arnar glýjaður og kvað vísu :

Í veðrabrigðum víkingar

Vóru í felli Kistu.

Áslákur þeim ölið bar.

Ei slompunnar þeir misstu.

Var svo kátt fram að nóni.

Nostalgía, tímarit Ísalp


nr. 14 - janúar 1980

Ein frægðarför

„Við félagarnir, ég, Ásti átta og þeir Frissi fleygur, Elli extreme og Sig. Siggi (stamar) gerðum okkur ferð í sum-
ar á Kerhólakamb (Mt. Esja 2795,27 ft.). Ætlunin var
nú ekki að gorta neitt en vegna fjölda áskoranna verður
nú sagt frá þessu eins og það gekk fyrir sig. Óreyndu
auga gæti fatast skarpskygginn og dæmt leiðina auð-
velda uppgöngu og augljósa en reyndin er nú önnur vin-
ur/vina. Sko hættur eru margar, t.d. er mjög auðvelt
að drepa úr leiðindum, verða bitinn af hundinum á
Esjubergi, lenda í bílslysi á Vesturlandsvegi eða hverfa í
drulla á hlaðinu undan þungum byrðunum. Einnig er
hægt að hræpa niður í hrikaleg gilin þegar reynt er að
svindla sér fram í röðinni upp fjallið.

Við bundum okkur í línu rétt fyrir ofan bæinn til að
týna ekki hver öðrum í mannfjöldanum. Við vorum
greinilega þeir vönustu í ferðinni því hvergi sáuð við
neinn í Whillans-stól, hvað þá með karabínur, fleyga og
svoleiðis.

Fyrstu erfiðleikarnir voru fólgnir í klettabelti neðst í
fjallinu en þar var búið að „fixa línu“ og við vorum sem
betur fer allir með jómara. Ekki sáuð við hvernig hinir
fóru að, en erfitt hlýtur það að hafa verið. Hvað um það,
Elli extreme leiddi alla leið upp, en þurfti síðan að síga
niður til að hjálpa Sigga, hann flækti sig ne..ne..nefnile-
ga í línunni. Fólkinu fyrir neðan var farið að leiðast bið-
in svo við flýttum okkur áfram. Fyrir ofan tók við löng
brekka. Við létum hana ekki aftra okkur og héldum þegar
í stað upp hlíðina. Já, eða eftir smá pásu. Þunna loft-
ið fór smám saman að herja á Frissa svo við ráðlögðum
honum að taka út úr sér sígarettuna. Hann tók því illa
og kenndi broddunum um ófarir sínar. Hann hefur, skal
ég segja ykkur, verið á ísklifurnámskeiði hjá Alpaklúbbn-
um og þar sem við hinir þekktum ekki til slíkra nám-
skeiða tókum við hann trúanlegan. Svo fór að hann



Gullöldin? Forsíða Ísalp nr. 9, mars 1979
Ljós.: Sighvatur Blöndahl.

neyddist til að losa sig úr línunni og sagðist ætla að bíða
meðan við gerðum atlögu við tindinn.

Okkur gekk sæmilega greiðlega þar til við komum upp
á öxlina undir tindinum. Var þá mjög af öllum dregið.
Þótti nú ljóst að hamborgararnir sem við átum niðri á
Umferðamiðstöð væru farnir að segja til sín. Við hörk-
uðum af okkur um stund, en það þýðir ekki að deila við
dómarann og hver verður að þekkja sinn vitjunartíma eða
svoleiðis. Þarna endaði sem sé áhlaup þetta.

Eftir að hafa hvílst um stund héldum við niður. Á leið-
inni tókum við Frissa í línuna aftur. Var hann heldur
borubrattari því honum hafði hugkvæmst að taka af sér
broddana. En því miður voru allir löngu farnir af fjall-
inu svo að við lentum í smá brasi við að finna réttu leið-
ina niður klettabeltið. Eftir smá útreikninga og korta-
lestur komumst við að þeirri niðurstöðu að það væri
kannski snjallt að fara á þessi áttavitanámskeið sem
stundum er verið að auglýsa. Loks fundum við „fixeruðu
línurnar“ og þóttumst hólpnir. Þegar við komum í rút-
una hétum við því að fara betur útbúnir næst. Og síðast
en ekki síst: Enga hamborgara takk.

Hlerað á opnu húsi fyrir skömmu.

Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason

Hægða(r)leikur?

eftir Sigurð Sverri Stephensen

Það var sannkölluð svaðilför í afmæliskokkteilboðið hans Jóns Gauta í Bratta í Botnssúlum. Ég var búinn að afskrifa þessa ferð og lána Pálma skíðin mín, en svo hringir afmælisbarnið í vinnuna í hádeginu á föstudag og þá verður þetta...allt svo létt og löðurmannlegt og bara svona 2 og 1/2 tíma labb upp eftir og kokteill og fiskisúpa um kvöldið og svo farið þið (títtnefndur) Ásgeir Thor bara niður snemma næsta morgun og ef þið viljið mun einhver fylgja ykkur, þið verðið ekki nema svona klukkutíma niður eftir og þú kemst alveg á vaktina klukkan níu og spáin er góð og það verður fjör og ég legg hart að þér að koma og...Hvað getur maður sagt?

Valið stóð milli þessarar ferðar og þess að skúra á föstudagskveldi. Og kvöldið byrjaði hreint yndislega; tunglskin og stafalogn og við skíðuðum yfir hvítt hjarnið í kyrrðinni undir stjörnuþjörtum himni og það eina sem amaði að var að maður var ofklæddur eins og vanalega. Við gengum svona í 2 og 1/2 tíma eins og til stóð. En þá fór ýmislegt fleira en klæðnaðurinn að verða til ama. Ég var ekki með nein skinn undir gönguskíðunum þannig að þegar jörðin tók að halla móti seig ég hálft skref niður fyrir hvert eitt sem ég tók upp svo grípa varð til gæsagangssins. Birtu tók að bregða og svo herti vind og gekk á með eljum.

Pálmi varð að fá lánuð fjallaskíði og bæði kann hann ekkert á skíðum og svo voru skórnir of stórir og meiddu hann í hverju skrefi. Ég bauð honum reglulega plástra eða grisjur á leggina en hann afþakkaði stöðugt. Hann var reyndar ekkert allt of vel upplagður þar sem hann hafði ekki látið fyrirhugaða skíðagöngu aftra sér frá því að mæta stundvíslega á björvinafélagssfund í lok vinnudagsins. Kannski ekki það snjallasta svona rétt fyrir fjallgöngu, en hann hefur sjálfsagt látið glepjast enn meira en aðrir af fagurgalanum í Jóni. Það var því fleira en loftið sem þyntist eftir því sem ofar dró.

Með í för voru undanfarar úr Flugbjörgunarsveitinni og sáu þeir algjörlega um að dragnast með 40-50 kg púlku sem innihélt afmælisveigarnar, sem voru geysilega ríflegar miðað við þann litla tíma sem við dvöldum svo í skálanum. Ég dáist nú alveg að þessu þrekvirkni þeirra

meðan við áttum nóg með okkur sjálfa. Nesti var nánast ekkert handbært nema hnetur, rúsínur og kók. Það tók því náttúrulega ekki að smyrja eitthvað nesti fyrir svona létt skemmtiskokk. Kristján var að vígja 50 þús. króna Telemark búnað og gekk svona skítsæmilega upp í móti. Datt reyndar tvisvar við það að troða fyrir púlkumenn og svo komu þeir askvaðandi eins og hraðlest í rassinn á honum hrópandi „Troða, troða!“

Við vorum allir með snjóflóðaýlur innanklæða og tvisvar urðum við að fara bara einn í einu undir snjóhengjur og vera snöggir að svo ekkert hryndi. Mér varð ekki um sel og þar sem ég var hjakkandi utan í fjallshlíð í nánast engri birtu rýnandi upp í hlíðina. Ég var að því kominn að paníkera. Eina afskipti mín af snjóflóðum eru frá því ég lifði mig inni Fangana í Sólhofinu, þú manst - þegar
Kolbeinn hnerraði, Ahhh...aaahhh...AAHHHTSJÚÚÚHHH!!!“ og kom af stað snjóflóði. Eitt sinn var ég viss um að það væri flóð á leið niður. Ég sá ekki glóru í myrkrinu og auk þess heyrði ég ekki neitt þar sem ég var bæði með lambhúshettu og hettuna á stakknum á hausnum. Í örvæntingu reif ég þetta allt af mér og lagði við hlustir, en heyrði bara hnerrið í vindinum. Upp úr miðnætti fannst mér þetta vera orðið alveg vonlaust. Ég skildi ekki að nokkur maður gæti ratað í þessu birtuleysi og skafrenningi og sagði við sjálfan mig, þeir hafa ekki hugmynd um hvert þeir eru að fara“. Svo gekk ég fram á Kristján sem nagaði frosið Snickers og spurði hann hvort ekki væri tími til kominn að grafa sig í fönn. Hann stundi þunglega og ég skildi það sem, já“.

Ég sá ekki hvernig í dauðanum ég ætti að ná í vinnuna klukkan níu næsta morgun með þessu áframhaldi. Það voru ófögur orðin og ill augnaráðin sem hið bjartsýna afmælisbarn fékk við þessa aumu vist. Svo komum við í skarð nálægt Súlunum og þar var svo hvasst að varla var stætt, auk þess sem harðfenni gerði það að verkum að ég varð stopp og afvelta eins og drukkinn rolla með sinadrátt í nára. Gat því hvorki legið né staulast á fætur. En fyrir einhverja ótrúlega ratvísi fremsta manns sem er fimmtugur undanfari og hefur víst æði oft gengið þessa leið komumst við niður og fundum skálann. Gengum nánast á hann. Ein hlíðin var alveg þakin ís og sá fimmtugi sagði: „Ég hef nú aldrei séð hann svona útlítandi“. Það er eins gott að dyrnar eru ekki á þessari hlíð“ sagði ég. Hann

hváði svo ég endurtók kommentíð. Þá sagði hann ekki neitt og ég hugsaði: greyið, hann er orðinn örmagna og kemur ekki upp orði í viðbót. Svo renndi ég mér léttur í spori að næstu hlið og bjóst við að þar gæti ég knúið dyra, en þar voru heldur engar dyr. Þær voru sem sagt huldar ís á fyrri hliðinni og þurfti að berja utan af þeim með ísöxum.

Ég tilkynnti Jóni Gauta að þessi ferðaáætlun væri mesta vanmat í ferðabransanum, sem ég hefði heyrt. Menn voru æði framlágir þegar inn kom enda held ég að maður hafi sjaldan verið jafnverkaður í einni ferð. Fimm tíma labb í myrkri og skafrenningi og eiginlega ekkert étið af viti á leiðinni. En hvað gera vanir ferðamenn þegar þeir koma blautir, kaldir, þreyttir, svangir og þyrstir í náttstað?

a) Þeir fá sér að súpa á víski og köldum bjór

b) Þeir fá sér að súpa á víski og köldum bjór

c) Þeir fá sér að súpa á víski og köldum bjór fleiri valmöguleikar voru líklega ekki í boði því þetta var það eina sem okkur datt í hug að gera, allir orðnir dómgreindarlausir og vitstola af þreytu. Síðan lognuðust menn út af einn og einn og hrutu á meðan við Kristján og Jón ratvísi tókum til við súpugerðina. Afmælisboðið var jú rétt að byrja.

Svo þurfti að vekja alla í matinn en afmælisbarnið var orðið sinnulaust og lá í blautum galla í efri koju og vildi hvorki borða né drekka né skipta um fót. Loks var hann rekinn fram úr, sté út fyrir dyrnar, gubbaði á tröppurnar og kom inn sem nýr maður. Ég slafraði í mig súpunni og svo slokknadi á mér. Þó tók ég í svefnrofunum þátt í drungalegasta afmælissöng sem ég hef heyrt. Næsta morgun fórum við á fætur um níu, en ég hafði hringt úr NMT síma í Landspítalann og tilkynnt seinkun á vakt vegna veðurs. Það hefði verið hvers manns óðs æði ef við hefðum tveir farið í morgunmyrkrinu niður eftir eins og til stóð.

Ég var létt stressaður vegna vinnunnar og einnig vegna félagsskaparins því með mér niður ætluðu þrír undanfarar (það hljómar eins og þeir séu einhver skrýttinn hirðingjaþjóðflokkur frá Afríku) og ég var hræddur um að verða liðleskja. Þess vegna hljóp ég út í storminn með klósettpappír og gróf holu í snjóinn. Þar settist ég á hækjur og losaði tappa í einu góí. Svo þreif ég mig hroðvirknislega og henti pappírnum niður í holuna (hélt það a.m.k.) á meðan skafrenningurinn herjaði á rass og læri

og kældi niður fyrir frostmark. Einhver kom út úr skál-anum að míga en kom ekki auga á mig norpandi útá fannbreiðunni. Svo reis ég upp og ætlaði að róta snjó yfir pappírinn en... hvað átti þetta nú að þýða. Enginn pappír, bara manni. Ójú...eða...oj jú!... þarna hékk hann á axlaböndunum á skíðabuxunum mínum og blakti eins og þvottur á snúru, skítugur þvottur á snúru. Ég hristi þetta af mér og gyrti mig en þá fuku pappírsdræurnar um allt. Og það sem verra var, þær fuku þvert á tilvonandi göngu-leið okkar. Sem betur fór var enginn úti í glugga á kofanum því þá hefði hann séð mig á harðahlaupum eftir hjarninu á eftir brúnleitu klósettpappír, sem lék sér í vindinum. Það síðasta sem ég vildi var að undanfararnir færu að pæla í því hvaðan þessi drullugi pappír kæmi þegar við gengjum af stað nokkrum mínútum síðar með mig aftastan í röðinni, hljóðan og hnípinn. Ég náði bara einum og kaffærði hann í snjó, en hinir sluppu.

Svo héldum við af stað og niðurleiðin tók tvo tíma í sól og roki. Ég datt örugglega tíu sinnum á niðurleiðinni og undir það síðasta ætlaði ég ekki að hafa mig á fætur aftur. Svo keyrðum við í bæinn frá Þingvöllum yfir Mosfellsheiðina sem var auglýst ófær. Ég komst í vinnuna klukkan tvö en sem betur fór var lítið að gera og enginn í fýlu. Hinir fóru heim um þrjúleytið og gekk víst á ýmsu. Kristján kunni ekkert að skíða Telemark og datt og datt og meiddi sig á hné og rispaði nýju skíðin og var víst allveg að tapa sér. Pálmi hélt áfram að kveljast sárfættur og Víðir braut bindingu á skíðinu og varð að sitja á púlkunni, sem rann stjórnlaut af stað á fleygiferð svo hann þurfti að henda sér af baki til að lenda ekki út í urð og grjóti.

Kristján skammaði svo Jón Gauta þegar heim kom fyrir að gera alltaf svo óraunhæf plön og var líka enn fúlli út í sjálfan sig fyrir það að trúá alltaf þessum óraunhæfu plönunum. Eftir vaktina skrapp ég upp í Skálafell en fór ekkert á skíði vegna mannfjölda heldur drakk kaffi á bílastæðinu með Kristjáni og ræddi ferðina. Svo fórum við í kökuboð til afmælisbarnsins og þar héldu blammeringar áfram. Það endaði með að menn voru farnir að sletta þeyttum rjóma hver á annan og skyldust með upprúlluðum pönnukökum.

(Höfundur er kyrrsetumaður sem á það til að lenda í slæmum félagsskap)

Kleif ég þá fimtugan hamarinn, umferðaröngpveiti á Jökulfjörðum. Ljósni.: Rúnar Óli Karlsson.

Is ðis a spesial fishing pol?

Klettaklifur á slóðum Fjalla-Eyvindar

eftir Rúnar Óla Karlsson

Ekki er laust við að ég hafi verið stressaður er langafi minn Sigurður Þorkelsson ÍS brunaði inn spegilsléttan Hrafnfjörðinn. Skyldi vera eitthvað varið í þennan fjandans klett? Ekki myndi ég vilja mæta Stebba ef svo væri ekki. Hvaða rugl er þetta Rúni? „Búinn að plata okkur hingað norður í rassgat og svo er þetta bara þrjátíu metra löng mosavaxin skriða“. Það er bara að vona það besta svo ég haldi öllum útlimum.

Veðrið var frábært þennan föstudag fyrir verslunarmannahelgi; algjört logn og þokuslæða í Djúpinu og Jökulfjörðum sem sólin var að bræða og jók hún enn meira á spenninginn. „Parna er kletturinn“ kallaði ég. Allir

rýndu í gegnum þokuna sem alltaf var að þynnast. Ég trúði ekki mínum eigin augum. Þetta var bara hóll. Mér leist ekki á blikuna, en heilladísirnar voru með okkur þennan dag. Þetta var ekki hinn eini sanni Gígjarsporshamar. Hann birtist okkur nú í allri sinni dýrð og ekki laust við að ég hafi andað léttar þegar brosið færðist yfir andlitið á Stebba. „Hvernig líst þér á“? „Bara helvíti vel“ svaraði Stebbi.

Við vorum sex í þessari ferð, brattgengismennirnir ég, Árni Gunnar, Stefán og Ívar ásamt núverandi eiginkonu minni Nanný Örne og Lilju Rún kærustu Ívars. Þökkum við þeim framreiðslu veitinga og að nudda sárar axlir að kveldi. Án þeirra hefði þessi leiðangur ekki orðið að veruleika!




Við nálguðumst fjöruna og Helgi frændi henti út ankeri og skipaði mannskapnum í björgunarvesti. Hafist var handa að ferja farangurinn í land, sem ekki var lítill. Skammt frá landtökustaðnum er tilvalið tjaldsvæði og Skorará rennur þar við hliðina. Hornstrandarfriðlandið afmarkast af ánni og stendur hamarinn því rétt innan friðlandsins. Nú var bara að skella sér í gallann og kíkja á herlegheitin. Mjög stuttur gangur er upp að hamrinum, sem nær 216 metra yfir sjávarmál. Heyrðum við mikla skræki er við nálguðumst sístækkandi hamarinn. Reyndist þetta vera smyrill sem átti sér bústað hinum megin í hamrinum, sem betur fer. Leyfði hann okkur að komast ótrúlega nærri sér. Könnuðum við klettinn hátt og lágt og ákváðum að reyna við tvær leiðir, Ívar og Stebbi vel til vinstri og ég og Árni fyrir miðju. Vegna tímaleysis, var ákveðið að reyna ekki „ground up ascent“ og ákváðu Ívar og Stebbi að brölta upp alveg til vinstri og út á stóra syllu, síga niður og kanna neðri hluta leiðarinnar. Við Árni fórum hinsvegar upp á topp með milljón metra af statik og sigum niður í þremur spönnum með herra Ryobin að vopni. Fyrstu tuttugu metrarnir eru frekar lausir og þurfti að framkvæma smá múrbrot, en auðvitað innan skynsemismarkna og í fullu samráði við huldufólkið sem í hamrinum býr. Þessi hluti veggjarins er auðveldur klifurs. Síðan fer málið að vandast og verður veggurinn brattari og hreinni eftir því sem ofar dregur. Sumstaðar slútir hann aðeins. Klifrið sjálft er 100 - 110 metrar og þarf lítið sem ekkert að hreinsa efstu áttatíu metrana af veggnum.

Næstu tveir dagar voru frekar tíðindalitlir og unnið frá morgni fram að kvöldmat við leiðapælingar, sig og júm. Á kvöldin var frekar kalt (þetta eru nú einu sinni Jökulfirðir) og öfunduðum við Árna af Kraft kuldagallanum. Á meðan skulfum við á beinunum enda bara þaktir fiðurfénaði að ofanverðu. Á seinni part sunnudagsins birtist austurrískt par á tjaldsvæðinu okkar og bað góðfúslega um leyfi til að tjalda sem var að sjálfsögðu auðfengið. Stelpan spurði okkur hvort við værum með eitthvað lím, því botninn á skónum var að gefast upp fyrir vestfírskrí urð og grjóti. Við bjuggum ekki svo vel þó allur farangurinn benti til annars. Hún ákvað að fara í slysavarnarskýlið og þurrka skóna og sjá svo til hvað hún


gæti gert. Kallinn hennar fór að veiða og gekk svona líka vel, silungur á í hverju kasti. Stebbi iðaði í skinninu að prófa. Hann var tregur að spyrja hann hvort stöngin væri til láns í smá tíma, hélt þetta væri rándýr búnaður sem væri ekki á færi leikmanns að meðhöndla, en lét svo verða af því. „Is this a special fishing pole“? „Nein, just bought it in a gas station für ein thousand“ svaraði kappinn. Varla var Stebbi búinn að dýfa önglinum ofan í þegar byrjað var að bíta á. Á endanum þurfti ég að stoppa hann af og óð hann í land með stríðsglampann í augunum eins og minkur í hæsnakofa. Buðum við nýju vinum okkar í holulæri með fisk í eftirrét.

Birtist nú frúin úr slysavarnarskýlinu í nýjum Scarpa strigaskóm og nokkuð ánægð með lífið. Hafði hún fundið skóna í skýlinu og var því ekkert að hafa fyrir að flikka upp á leifarnar af hinum skónum. Steikin og fiskurinn runnu ljúf niður ásamt rauðvíninu og bjórnum. Morguninn eftir, var tekið síðasta áhlaupið á vegginn enda var brottför áætluð um fjögur leytið. Tókst okkur að ljúka fimm spönnum í heildina og erum við u.þ.b. hálfnaðir með leiðirnar tvær. Þökkuðum við dótinu saman og nýju vinir okkar buðu okkur í fiskisúpu sem var ansi góð. Síðan fórum við að bíða eftir Helga frænda sem hafði greinilega eitthvað seinkað. Loksins birtist bátur þremur tímum á eftir áætlun sem tjáði okkur að frændi kæmi ekki vegna þess að vélín í bátnum hafði sprungið. Nema hvað, á leiðarenda komumst við, með góðar minningar og myndefni (nema Ívar sem varð fyrir því óláni að treysta betri helmingnum fyrir því að þræða vélina) og ákveðin í að snúa aftur að vetri liðnum.

Árni og Stebbi boltuðu eina leið ofan Súðavíkur á þriðjudeginum áður en þeir keyrðu suður á bóginn og verður hún klifruð í vor.



Gígjarsporshamar í Hrafnfirði. Ljós.: Rúnar Óli.



Hrafnfjarðarferðalangar, frá vinstri: Lilja þáverandi, Ívar sennilega núverandi, Rúnar ferðamálafulltrúi Vestfjarða, Stefán ævarandi, Arní Gunnar síverandi og Nanní Arna núverandi. Ljós.: Rúnar Óli.






Kántríkóngurinn tekur sveifluna niður Kistufell,
Reykjavík í baksýn. Ljós.: Hallgrímur Magnússon.



Hlynur Stefánsson á Hrótfjallstindum vorið 1998.
Ljós.: Ólafur Ragnar Helgason.

Einar og Ívar klífra Pallis-pillar,
Marcus og Anthony Klein til hægri.
Ljós.: Rúnar Óli Karlsson.




Helgi í Skarðshorni.
Ljós.: Páll Sveinsson




Hallgrímur þrífar í Grænafjallsglúfri.
Ljós.: Páll Sveinsson




Gleiddur stendur titturinn við ísinn.
Ljós.: Ur safni Páls Sveinssonar.




Chris Davis og Pete Takeda í Testofunni
í Stígárdal.






Helgi og Chris Davis í Ramstein.
Ljós.: Páll Sveinsson



Rúnar Óli Karlsson tostast upp
Bergisann í Óshlíð.



Í Grænafjallsgljúfri.
Ljós.: Ívar F. Finnbogason.



Einar S Sigurðsson og Ívar F. Finnbogason
híma undir kerti á ísfestivalinu í febrúar.
Ljós.: Rúnar Óli Karlsson.



Draumur landsbyggðardrengs rætist í stórborginni
Reykjavík. Ljós.: Tómas Júlíusson.

Nýjar
vörur!



toppurinn í klifri

EVEREST

Skeifunni 6

s 533 4450

The North Face – tekur á kuldanum!



NANOQ

